



FRÉTTABLAÐIÐ

100. TÖLUBLAÐ 22. ÁRANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 17. MAÍ 2022



Mikil mildi þykir að ekki fór verr laust fyrir klukkan tvö í gær þegar vinnulyfta losnaði af flutningabil á aðreйн þar sem Miklabraut og Hringbraut mætast í Reykjavík. Vinnulyftan lenti á eins góðum stað og hægt var, olli hvorki slysi né miklum töfum á umferð. Hins vegar er ljóst að miklar skemmdir urðu á vinnulyftunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framsókn er í kjörstöðu í Reykjavík

Fulltrúar flokkanna í borgarstjórn Reykjavíkur þreifa nú fyrir sér um myndun nýs meirihluta. Framsóknarmenn virðast vera með bestu stöðuna í þeim viðræðum.

bth@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Meirihlutar féllu víða í sveitarstjórnarkosningunum um helgina, meðal annars í Reykjavík þar sem kjörnir fulltrúar ræða nú um myndun nýs meirihluta.

Meirihluti Samfylkingarinnar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna missti samanlagt tvo borgarfulltrúa og þar með meirihluta sinn í

borgarstjórn Reykjavíkur. Líf Magnudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, hefur sagst ekki sækjast eftir að taka þátt í viðræðum um nýjan meirihluta en fulltrúar hinna flokkanna þriggja segjast verða samstíga í komandi viðræðum. Þar sem Píratar hafa sagst ekki vilja starfa með Sjálfstæðisflokknum, virðist ljóst að flokkarnir þrjú þurfi að leita samstarfs við Framsóknarflokkinn.

„Málefnalega snýst þetta um stóru málin, Borgarlínu og samgöngusáttmála,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar.

Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins, átti fundi í



Málefnalega snýst þetta um stóru málin, Borgarlínu og samgöngusáttmála.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar og borgarstjóri

gær með að minnsta kosti fjórum oddvitum annarra flokka í borgarstjórn, þar á meðal Hildi Björnsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins, og Degi. Einar sagði á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi að Framsóknarflokkurinn væri með mjög skýrt umboð til pólitískrar forystu.

Hildur segir það ótrúverðugt hjá Framsóknarflokknum að mynda meirihluta með gamla meirihlutunum, þar sem flokkurinn hafi talaði fyrir breytingum.

Í Garðabæ munaði tólf atkvæðum á því að Garðabæjarlistinn næði inn sínum þriðja manni á kostnað sjöunda fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og krafðist listinn endurtalningar í gær. Talið verður á morgun. **SJÁ SIÐU 6**

Aukatekjur hjálpa öryrkjum lítið

KJARAMÁL „Ég hef nú rannsakað þessi mál lengi og því ekki mikið sem kemur mér á óvart í þessu,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði og ábyrgðarmaður Kjarafréttu Eflingar sem komu út í gær.

Hann segir þó hafa komið sér í opna skjöldu hversu erfitt öryrkjar, sem vilja bæta hag sinn með atvinnuþátttöku samhliða lífeyristöku, eigi með að ná endum saman.

„Örorkulífeyrisþegi sem aflar sér allt að 200 þúsund króna með atvinnuþátttöku. Það kemur mér á óvart hvað það bætir hag hans lítið,“ segir hann og bætir við að þetta sé dæmi um ofurskerðingar. **SJÁ SIÐU 4**

Škoda Kodiaq Vinsæli ferðafélaginn!

Fjór hjóladrífinn, mjög vel útbúinn með 2.5 tónna dráttargetu

Verð frá 7.590.000 kr. — Eigum nokkra lausa bíla á lager!

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.hekla.is/skodasalur





Veðurbliða í Ásbyrgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Nær tuttugu stiga hiti nyrðra í gær

helenaros@frettabladid.is

VEDUR Einstök veðurbliða var um allt land í gær og fór hitinn yfir nítján gráður á nokkrum stöðum.

Á Brúsastöðum á Norðurlandi vestra mældist hitinn 19,5 gráður, á Húsavík 19,3 og í Ásbyrgi 19,1 gráða.

19,5

stiga hiti mældist á Brúsastöðum í gær.

Þorsteinn Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir kannski ekki verða alveg jafn hlýtt í dag en að hitinn geti þó farið upp í 19 gráður á sömu stöðum og í gær.

Á höfuðborgarsvæðinu mældist hitinn í gær hjá Korpu yfir 16 gráður. Útlit er fyrir aðeins lægra hitastig í dag vegna skýjaðs himins en búast má við um 14 gráðum og rigningu seinnipartinn að sögn Þorsteins. ■

Dagur mannréttinda



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenti mannréttinda- og hvatningarverðlaun í gær við hátíðlega athöfn í Höfða á mannréttindadegi Reykjavíkurborgar. Líf Magneudóttir, oddviti VG í Reykjavík, fylgist vel með Degi en hún hefur lýst því yfir að VG gefi ekki kost á sér í meirihluta í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Andrés veit ekki hvert á að snúa sér

ragnarjon@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Í svari dómsmálaráðherra, Jóns Gunnarssonar, við fyrirspurn þingmanns Pírata, Andrésar Inga Jónssonar, um þvingaðar brottvísanir frá landinu kemur ekki fram hvort fólki hafi verið gefin lyf til þess að auðvelda meðhöndlun þeirra sem fluttir eru úr landi.

Að sögn Andrésar Inga kemur það á óvart að ekkert sé minnst á þetta atriði í svari ráðherra þar sem sérstaklega hafi verið beðið um upplýsingar varðandi það.

„Sérstaklega er óskað upplýsinga um það hvort fólki hafi verið gefin lyf gegn vilja þess í þeim tilgangi að auðvelda yfirvöldum brottvísunina,“ orðaði Andrés fyrirspurn sína en svarið birtist í gær.



Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata

Aðspurður segist Andrés ekki vita hvert hann eigi að snúa sér til þess að fá svör varðandi málið en íhugar þó að endursenda fyrirspurn sína með meiri áherslu á þetta tiltekna atriði.

Í svari dómsmálaráðherra segir að heimilt sé að beita svokölluðu flutningsbelti þegar fólk er fjarlægð úr landi með valdi en lyfjagjöfinni var sleppt. ■

Brynjólfur hefur pólitískan feril kominn á níræðisaldur

Sögulegar kosningar urðu um helgina hvað varðar framgang eldri borgara. Aldurshöfðingi þeirra sem náðu kjöri er á níræðisaldri.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Ég man ekki í fljótu bragði eftir neinum sem er eldri en Brynjólfur, eflaust hafa álika gamlir menn verið á listum, oft í heiðurs-sætum, en að þetta gamall maður hafi verið kosinn, ég man ekki eftir neinu slíku dæmi,“ segir Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor.

Framgangur eldri borgara í sveitarstjórnarkosningunum náði hæstu hæðum um síðustu helgi. Brynjólfur Ingvarsson, sem hlaut glæsilegt kjör og fékk 12,2 prósentu fylgi á Akureyri sem bæjarfulltrúi fyrir Flokk fólksins, er á níræðisaldri.

Af fleirum í kringum eftirlaunaldur er það að segja að Guðmundur Árni Stefánsson í Hafnarfirði, þar sem Samfylkingin fékk fjóra menn, er fæddur 1955. Helga Jónsdóttir, fædd 1954, fékk mikið fylgi fyrir Vini Kópavogs og tvo menn kjörna. Páll Magnússon, fyrrverandi sjónvarpsstjóri og þingmaður, fæddur 1954, treysti stóðir meirihlutans í Eyjum.

„Ég held að það sé mjög heppi-legt að í hópi kjörinna fulltrúa sé bæði ungt fólk og fólk sem komið er á virðulegan aldur. Mér sýnist að í síðarnefnda hópnum séu fleiri en nokkru sinni sem fara inn í bæjarstjórnir eða eru mjög nálægt því,“ segir Ólafur.

Brynjólfur Ingvarsson, aldurshöfðingi á Akureyri, bjó sig undir reiðtúr þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann er á 81. aldursári, segist við góða heilsu, enda



Brynjólfur Ingvarsson geðlæknir riður út daglega og segir það mikla heilsubót. Allt bendir til að hann sé elsti oddviti í kosningum innanlands sem nær kjöri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Að þetta gamall maður hafi verið kosinn, ég man ekki eftir neinu slíku dæmi.



Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðiprófessor

reyni hann að ganga daglega, synda eða ríða út.

Brynjólfur segist þakklátur fyrir kjörið, enda sé mikilvægt að eldri borgarar hafi rödd meðal kjörinna fulltrúa.

„Það er búið að ræða það í áratugi að aldraðir búi við áhyggjulaust ævikvöld en í seinni tíð verður margt eldra fólk sífellt áhyggjufyllra,“ segir geðlæknirinn Brynjólfur.

Brynjólfur segir húsnaðismál aldraðra í lamasessi. Sá málaflökkur hafi einkum orðið til þess að hann fór fram. Úrræði milli þess að eldri borgarar búi í eigin einbýlishúsi og fari á stofnun vanti alveg.

„Það þarf millistig,“ segir Brynjólfur. „Þetta er aðalverkefnið sem ég sé fram undan hjá mínum flokki,“ bætir Brynjólfur við og þakkar kjósendum traustið. ■



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!

GÆÐA VEKA PLASTGLUGGAR

Gott verð og stuttur afhendingartími!



Gluggasmiðjan

...Ekki bara gluggar

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður / s. 577 5050 / www.gluggasmidjan.is



ÍSLENSKA ÓPERAN

DANÍEL BJARNASON

BROTHERS

22. OKTÓBER
KL. 20.00 Í ELDBORG

FORSÖLUVERÐ TIL 15. JÚNÍ
TRYGGÐU ÞÉR SÆTI!



Mögnuð ópera!

Fréttablaðið 2018



NÝTT STARFSÁR KOMIÐ Í SÖLU

Miðasala á harpa.is

Persónuvernd segir MR biðja um samþykki að ástæðulausu

sbt@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Útskriftarefni úr Menntaskólanum í Reykjavík (MR) þurfa að veita samþykki fyrir að lesa megi upp nafn þeirra við skólaslit, að þeirra sé getið sem verðlaunahafa og að nafn þeirra sé á lista brautskráðra frá skólanum.

Rektor skólans segir persónuverndarlög kveða á um þetta. Forstjóri Persónuverndar er þó ekki á sama máli.

Nemendur MR fengu tölvupóst frá stjórnendum skólans þar sem upplýst var um að nemarnir þyrftu að veita samþykki fyrir þessu. Elísabet Siemsen, rektor MR, segir í samtali við Fréttablaðið að skólinn sé að uppfylla fyrirmæli frá Persónuvernd.

„Þetta gengur líka út á að við erum að senda lista og segja hverjir voru efstir og það hefur farið í blöðin og við þurfum að fá samþykki fyrir þessu,“ segir Elísabet.

Helga Þórisdóttir, forstjóri Per-

sónuverndar, segir Persónuvernd ekki hafa gert athugasemd við framkvæmd útskrifta og sér ekki ástæðu til þess.

„Þetta hefur verið gert alla tíð og aldrei nokkurn tímann hefur verið gerð athugasemd við það. Þetta er, að því er virðist, of þröng túlkun á persónuverndarlögum,“ segir Helga. Hún segir misskilning á lögnum hafa verið algengan frá því að nýju persónuverndarlögin tóku gildi árið 2018. ■



Útskriftarnemar í MR dimmitera.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Svíar sækja um aðild að NATO

tsh@frettabladid.is

EVROPUMÁL Svíar hafa formlega staðfest fyrirætlanir sínar um að sækja um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Magdalena Andersson, forsætisráðherra Svíþjóðar, tilkynnti þetta á blaðamannafundi í Stokkhólmi í gær. Svíar feta þar með í fótspor Finna, sem tilkynntu á sunnudag að þeir hyggt sækja um í NATO.

„Það er mikill meirihluti innan sænska þingsins um inngöngu í NATO. Þetta er það besta fyrir þjóðaröryggi Svíþjóðar. Við munum tilkynna NATO að við viljum gerast meðlimur í bandalaginu,“ sagði Magdalena Andersson.



Magdalena Andersson, forsætisráðherra Svíþjóðar

Að sögn forsætisráðherra verður Svíþjóð í „viðkvæmri stöðu“ á meðan umsókn þeirra verður tekin fyrir í NATO en hún telji mikinn stuðning vera við málið á meðal Svía.

Ákvörðun Finna og Svía um að ganga í NATO og snúa þar með baki við áratugalangri veru sinni utan hernaðarbandalaga hefur vakið upp hörð viðbrögð Rússa sem segja Norðurlandþjóðirnar tvær gera alvarleg mistök sem muni hafa viðtækar afleiðingar.

„Þeir ættu ekki að gefa sér þá talsýn að við munum bara sætta okkur við þetta,“ sagði aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, Sergej Ríjajkov, í viðtali við rússneska fjölmiðla. ■

Tvö hundruð þúsund króna tekjur bæti kjör öryrkja afskaplega lítið

Í greiningu Eflingar segir að almannatryggingakerfið og tekjuskattskerfið streitist gegn því að öryrkjar geti bætt afkomu sína með atvinnuþátttöku.

jonthor@frettabladid.is

KJARAMÁL Öryrkjar sem vilja bæta hag sinn með atvinnuþátttöku samhliða lífeyristöku eiga þrátt fyrir það erfitt með að ná endum saman. Þetta eru niðurstöður Kjarafréttu Eflingar, en þar segir að of lágur lífeyrir almannatrygginga, of miklar skerðingar og of háir skattar á lágur tekjur lífeyrisþega festi allt of marga örorkulífeyrisþega í fjöðrum fátæktar.

„Ég hef nú rannsakað þessi mál lengi og því ekki mikið sem kemur mér á óvart í þessu,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði og ábyrgðarmaður Kjarafréttu, í samtali við Fréttablaðið. Hann nefnir þó dæmi um niðurstöður sem komu honum í opna skjöldu.

„Örorkulífeyrisþegi sem aflar sér allt að 200 þúsund króna með atvinnuþátttöku. Það kemur mér á óvart hvað það bætir hag hans lítið. Þó að það saxi á hallareksturinn þá dugur það samt ekki til,“ segir hann og bætir við að þetta sé dæmi um ofurskerðingar.

Þar vísar hann í dæmi úr greiningu sinnu. Þar er skodaður öryrki sem býr einn í sextíu fermetra leiguíbúð í Reykjavík. Miðað er við örorku við fjörtutíu ára aldur, og þrjár mismunandi leiðir skodaðar: þar sem einstaklingurinn er ekki með neinar aðrar tekjur en frá lífeyrinum, þar sem hann fær 100 þúsund krónur aukalega úr



Öryrki sem getur unnið og aflað sér aukatekna nær samt ekki að ná endum saman, samkvæmt reikningum Kjarafréttu Eflingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Þetta er eins vitlaust og getur verið í lífeyriskerfi.

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði og ábyrgðarmaður Kjarafréttu Eflingar

atvinnuþátttöku og síðan þar sem hann fær 200 þúsund krónur aukalega, líka úr atvinnuþátttöku.

Niðurstaðan er sú að allir þrír einstaklingarnir koma út með halla mánaðarlega. Sá sem er með engar tekjur aukalega endar í tæplega 45 þúsund króna halla, sá sem er með 100 þúsund króna tekjur endar í tæplega 23 þúsund króna halla og að lokum endar sá sem er með 200 þúsund króna tekjur í rúmlega tvö þúsund króna halla.

Í greiningunni segir að meginlexían af þessum reiknidæmum sé sú, að almannatryggingakerfið og tekjuskattskerfið streitist gegn því að öryrkjar geti bætt afkomu sína með atvinnuþátttöku. Svipuð dæmi eru tekin þar sem aukatekjur

komu frá lífeyrissjóðum og eru niðurstöðurnar svipaðar. Í greiningunni er fullyrt að kerfið sé með þessu að festa fólk í fátæktargildru.

„Þetta er eins vitlaust og getur verið í lífeyriskerfi,“ segir Stefán, sem telur þetta fyrirkomulag vinnuleitjandi. Þá gagnrýnir hann velferðarkerfið yfir höfuð og segir það örökrétt og ósanngjarnt á marga vegu.

Í Kjarafréttum Eflingar segir síðan að velferðarkerfið ætti að styðja betur við afkomu þeirra sem þurfa á því að halda og hvetja jafnframt til sjálfsbjargar með atvinnuþátttöku. Því er síðan haldið fram að í stað þess að gera það leggi kerfið stóra steina í götu fólks sem vill vinna með örorkulífeyrinum. ■

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíl, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíl. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.

Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:

32" 255/75R17 - 199.000 kr.

33,5" 285/60R20 - 199.000 kr.

33" 275/70R18 - 179.000 kr.

Dekkjagangur:

32" 255/75R17 - 69.960 kr.

30,5" 285/60R20 - 79.600 kr.




33" 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00



VARIST ÓDÝR HÁGAEDA HEIMAKERFI




Stéttarfélag
Innbrotspjófa

Sá ekki flokkinn sinn fyrir brotinu

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA „Þetta var fyrst og fremst mjög kjánalegt,“ segir Haraldur Á. Gíslason, umboðsmaður Miðflokksins í Garðabæ, sem í kosningunum á laugardag gerði athugasemd við það hvernig kjörseðillinn var brotinn saman.



Listar Garðabæjarlistans og Miðflokksins í Garðabæ voru undir broti til hægri á kjörseðlinum. MYND/ÆSEND

3,7

prósent atkvæða fékk Miðflokkurinn í Garðabæ.

„Seðillinn var ekki brotinn til helminga heldur tvíbrotinn og Miðflokksendinn var brotinn sér. Þannig að hann sást ekki nema þú opnadir seðilinn alveg. Ég tók ekki eftir þessu fyrr en ég kaus sjálfur,“ segir

Haraldur sem kveður kjörstjórnina hafa tekið vel í athugasemd Miðflokksmanna og afhent kjörseðilinn opinn til kjósenda eftir það.

Haraldur kveður engin eftirmál verða vegna þessa máls. „Ég held nú ekki að við höfum tapað manni fyrir þetta,“ bendir hann á. Miðflokkurinn fékk 3,7 prósent atkvæða í Garðabæ og var langt frá því að ná inn bæjarfulltrúa. „Ég hafði svo sem ekki stórar áhyggjur af þessu.“ ■



Fulltrúar E-listans fögnuðu sigri í sameinuðu sveitarfélagi. MYND/ÆSEND

Hugmyndir um bruðl hafi bylt sitjandi fulltrúum í Þingeyjarsveit

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Meirihluti kjósenda í sameinuðu sveitarfélagi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps hafnaði sitjandi meirihluta fulltrúum sveitarfélaganna tveggja í kosningunum um helgina.

Tveir listar voru í framboði, E-listi og K-listi. K-listann leiddi oddviti Skútustaðahrepps, Helgi Héðinsson, sem jafnframt er varaþingmaður fyrir Framsóknarflokkinn. Listinn fékk 47 prósent og fjóra menn kjörna. Nýja fólkið, E-listinn, fékk 53 prósent og fimm menn kjörna.

Þar var fólk í efstu sætum sem ekki hefur setið í sveitarstjórnunum í héraðinu undanfarin ár.

Gerður Sigtryggisdóttir, fulltrúi af E-lista, segir að meirihlutar úr báðum sveitarfélögum ásamt minnihluta í Þingeyjarsveit hafi sameinast um að bjóða fram saman undir merkjum K-listans. Því sæti útkoma kosninganna tíðindum.

Gerður segir K-listann hafa galdið fyrir boðaðar breytingar sem hefðu þýtt að þrjár sviðsstjórar væru ráðnir og þeir farið með vald sveitarstjóra ásamt einum kjörnum fulltrúa í stað eins sveitarstjóra, með auknu flækjustigi og fjárútlátum.

„Þetta hefði orðið gjörólíkt hefðbundinni stjórnsýslu sveitarfélaga,“ segir Gerður sem kveður fulltrúa Íbúalistans þó hlakka til að starfa með fulltrúum minnihlutans. ■



Ýmsir möguleikar eru á meirihlutasamstarfi í borgarstjórn þótt sumir flokkar útiloki aðra. MYND/HRINGBRAUT

Baráttan um borgina er nú komin í hendurnar á Einari

Oddviti Framsóknarflokksins í borginni segir flokkinn hafa umboð til pólitískrar forystu. Oddviti Sjálfstæðismanna segir að stærsti flokkurinn eigi að fá borgarstjórastólinn.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, vill ekki svara hvort til greina komi að hann og Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknar, skipti með sér borgarstjórastólnum á kjörtímabilinu.


Með öllu er óljóst hvort Einar Þorsteinsson hallar sér til hægri eða til vinstri við myndun nýs meirihluta í borginni. Framgangur annarra flokka er í höndum Einars en hann átti fundi í gær með að minnsta kosti fjórum oddvitum annarra flokka í borgarstjórn, þar á meðal Hildi Björnsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins, og Degi. Fundur Dags og Einars fór fram á leynilegum stað undir kvöld.

„Málefnalega snýst þetta um stóru málin, Borgarlínu og samgöngusáttmála,“ segir Dagur B. Eggertsson sem hrósar Einari.

„Hann er að gera rétt með því að spjalla við alla,“ segir Dagur.

Einar gæti myndað meirihluta með Samfylkingu og Pírötum með eða án Viðreisnar. Hann sagði á

Skipting sæta í borgarstjórn Reykjavíkur



Fréttavaktinni á Hringbraut í gær að Framsóknarflokkurinn væri með fjóra fulltrúa í borginni með mjög skýrt umboð til pólitískrar forystu. Einar hefur ef til vill einnig val um myndun meirihluta til hægri með Sjálfstæðismönnum, Kolbrúnu Baldursdóttur, borgarfulltrúa Flokks fólksins, og Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, fulltrúa Viðreisnar.

Fréttablaðið spurði Dag hvort hann gæti hugsað sér að gefa frá sér borgarstjórastólinn í meirihlutasamstarfi með Framsóknarflokknum.

„Ég hef í fyrri viðræðum aldrei gert þá kröfu,“ svarar Dagur. Þá vill hann ekki svara hvort til greina komi að þeir Einar deili borgar-

stjórastólnum á kjörtímabilinu.

„Það er alveg ótímabært að ræða það,“ segir Dagur, enda séu mál-efnin í fyrsta sæti, síðan komi verka-skipting.

Hildur Björnsdóttir segir að það væri ótrúverðugt hjá Framsókn ef flokkurinn hygðist mynda nýjan meirihluta með gamla meirihlutunum, þar sem Framsókn talaði í kosningabaráttunni fyrir breytingum.

Spurð hvort hún geri kröfu um borgarstjórastól ef flokkurinn myndar meirihluta með Framsóknarflokknum og fleiri flokkum segir Hildur að hefð sé fyrir að oddviti stærsta flokksins fái borgarstjórastól. ■

Komum sterk inn í sumarið

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun
- Rveikja eldmóð og sýna seiglu



Námskeið hefjast:

- 9 til 12 ára Leiðtogabúðir 20. júní 8.45-17.00 4 dagar í röð
- 10 til 12 ára 13. júní 9.00-13.00 átta virka dagar í röð
- 13 til 15 ára 13. júní 13.30-17.00 átta virka dagar í röð
- 16 til 19 ára 3. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
- 20 til 25 ára 30. maí 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

Dale Carnegie

*Hægt er að nota frístundastyrki bæjarfélaga sem greiðslu - Youth_Ad_040722

Sjálfsvörn

Stjórnstöð
Hurðaskynjari
Reykskynjari
Innisírena
Hreyfiskynjari m/myndavél

Verð frá:

3.990 kr. /mán.

Ekkert
stofn-
gjald



Sjálfsvörn hjá Nova

Ódýrt hággæða heimakerfi!

Með Sjálfsvörn hjá Nova hafa allir efni á öryggi fyrir heimilið. Ekkert stofngjald, uppsetning innifalin og hággæða snjallkerfi beintengt við símann. Vertu með heimilið í öruggum höndum... þínum.

NOVA

Borgarstjórástóll



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Úrslit sveitarstjórnkosninganna í Reykjavík eru söguleg. Framsóknarflokkurinn er óumdeildur sigurvegari. Ýmsar sviðsmyndir eru mögulegar þegar kemur að myndun nýs meirihluta í borginni. Einar Þorsteinsson og Framsóknarflokkurinn hljóta að vera þar í forystuhlutverki, miðað við ákall kjósenda. Eðlilegt og líklegt er að Einar geri kröfu um borgarstjórástólinn. Eins og Einar sagði sjálfur á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöld þá er núverandi meirihluti fallinn og nýr tekur við.

Kosningaúrslit eru Framsóknarflokknum hliðholl viðar en í Reykjavík. Það sama var upp á teningnum í síðustu kosningum. Flokkurinn hefur breytt um ástund, breyst úr því að vera flokkur sem alltaf var að verja kerfið ásamt því að ástunda ýmiss konar sjálfshygli, í að verða flokkur sem boðar að almannaheill sé í fyrirrúmi. Ásmundur Einar Daðason hefur átt drjúgan þátt í þessu með áherslu á velferðarmál og málefni barna. Einar Þorsteinsson segist vilja hafa hreinskilni og gegnsæi að leiðarljósi. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður flokksins, vill koma böndum á ofurhagnað í sjávarútvegi þannig að þjóðin fái réttlátan skerf. Flokkurinn geldur ekki fyrir óviðurkvæmileg ummæli hans eins og margir töldu víst. Vonandi er það breyting sem er einlæg og komin til að vera. ■

Afléit tímasetning

Léleg kjörsóknin í þessum kosningum er mikið áhyggjuefni. Kjörsókn á landinu öll var aðeins 63 prósent en var 68 prósent í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Ný lög tilgreina að sveitarstjórnarkosningar fari fram annan laugardag í maí. Gagnrýni hefur komið fram á þessa dagsetningu. Hún sé afléit fyrir ungt fólk.

Árni Pétur Árnason, háskólanemi og framþjóðandi Pírata í Kópavogi, segir umgjörð kosninga fjandsamlega ungu fólki. Á meðan á kosningabaráttu standi sitji háskólanemar og menntskælingar lokaðir inni á bókasöfnum við próflestur og ritgerðarskrif.

Pawel Bartoszek, nú fyrrverandi borgarfulltrúi Viðreisnar, tekur í sama streng. Ríkisstjórn og Alþingi verði að endurskoða löggin. Ef það verði ekki gert muni fátt ungt fólk taka þátt í sveitarstjórnnum. Það hafi síðan keðjuverkandi áhrif því ungt fólk kjósi enn síður þegar jafnaldrar þess eru ekki í framboði. ■

”
Eðlilegt og líklegt er að Einar geri kröfu um borgarstjórástólinn.

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

Óður RÚV til NFS

Ólöf Rún Skúladóttir gerði svo geggjaða frétt í aukafréttatíma RÚV í hádeginu á sunnudag að hún var spiluð aftur þegar kvöldfréttatíminn fór í loftið. Segja gárungarnir að þetta minni á gamla góða tíma NFS sem spilaði sömu fréttir í sólarhring. RÚV lagði allt í sölnar þessar kosningarnar og inniskórnir fóru upp í hillu og fréttamenn RÚV skelltu sér út. Allar hendur voru uppi á dekki og því hjákátlegt að fréttastofan hafi þrútt fyrir fjölmenni á vakt, ekki haft úr meiru að móða í kvöldfréttatímanum en endurvinnslu á frétt Ólafar.

Geirfuglabjargið

Á kosninganótt var enginn skortur á álitsgjöfum á samfélagsmiðlum sem voru örlátir á alls konar greiningar og skoðanir langt umfram eftirspurn. Þó dró til nokkurra tíðinda á Facebook þegar Össur Skarphéðinsson rumskaði og rauf þögnina þegar hann las það helst úr tölum sem áttu eftir að koma seint og illa að Framsókn væri með friðhelgi í Íslandsbankaklúðrinu auk þess sem flokkurinn væri að vinna annan óbeinan sigur í því að „úrslit kvöldsins virðast vera andlátstilkynning Miðflokksins, sem alls staðar er að hverfa nema í Grindavík. En skammt þaðan voru einmitt heimkynni síðasta geirfuglsins...“ ■

Ráð gegn innfluttri verðbólgu



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri
Félags atvinnurekenda

Svokölluð innflutt verðbólga, það er hækkunir á innfluttum vörum vegna mikilla verðhækkana á alþjóðlegum mörkuðum, er áhyggjuefni margra, ekki sízt vegna áhrifa á matarverð. Verðlagseftirlit Alþýðusambandsins komst þó að þeirri áhugaverðu niðurstöðu að innlend matvæli, til dæmis mjólkurvörur og kjöt, hefðu hækkað mun meira en innfluttar vörur undanfarið og nefndi hagfræðingur ASÍ skort á samkeppni sem eina skýringuna á því.

Innlend búvöruframleiðsla nýtur þess að háir verndartollar eru lagðir á innfluttar búvörur. Heimildir til að flytja inn búvörur á lægri eða engum tolli, svokallaðir tollkvótar sem samið er um í alþjóðasamningum, eru takmarkaðar. Auk þess fer íslenska ríkið þá leið að bjóða upp kvótana og slagar verðið, sem innflytjendur greiða fyrir þá, stundum upp í fullan toll á vörunni. Allt takmarkar þetta samkeppni.

Stjórnmalamenn hafa velt upp leiðum til að milda áhrif hækkandi matarverðs á almennig. Matvælaráðherrann sagði í viðtali að henni fyndist ekki útilokað að fella niður virðisaukaskatt á matvælum tímabundið. Sú leið hefði vissulega áhrif á verð, en þýddi um leið mikið tekjutap ríkissjóðs. Tekjur ríkisins af tollum eru hins vegar mjög litlar. Nærtækari leið væri því að lækka tolla. Ef kjúklingur hækkar til dæmis í verði um 500 krónur á alþjóðlegum mörkuðum, myndi lækkun tolla um 500 krónur þýða sömu vernd fyrir innlenda framleiðslu, í stað þess að innlendir framleiðendur geti hækkað sínar vörur í skjóli aukinnar verðverndar.

Í vikunni benti Félag atvinnurekenda á að sumir innlendir búvöruframleiðendur stunda þá vafasömu viðskiptahætti að bjóða hátt í tollkvóta fyrir vörur, sem eru fluttar inn í samkeppni við framleiðslu þeirra, fá þannig meirihluta kvótans í sinn hlut og geta ráðið verðinu. Önnur leið sem mætti fara til að lækka matarverð er að úthluta tollkvótum fyrir búvörur án endurgjalds, í stað uppboðanna. Samkeppniseftirlitið hefur mælt með slíkri leið, enda þýddi hún að alþjóðleg samkeppni veitti innlendu framleiðslunni meira aðhald. ■

Sannleikurinn um Framsóknarflokkinn



Ole Anton Bieltvedt

alþjóðlegur kaup-
sýslumaður og
stjórnmálaráðgjafi

Sigmundur Davíð var formaður Framsóknarflokksins 2009-2016. Í þingkosningunum 2013 fékk flokkurinn 24,4%. Á þessum tíma var Sigurður Ingi varaformaður, en til ágreinings kom milli þeirra félaga, og klofnaði flokkurinn. 2017 stofnaði Sigmundur Davíð svo Miðflokkinn.

Hvernig hefur fylgið þróast?

Í þingkosningunum 2017 fékk Framsóknarflokkurinn 10,7% atkvæða og Miðflokkurinn 10,8%. Samtals 21,5%, minna samtals en fyrir klofninginn, en munurinn var lítill.

Í þingkosningunum 2021 reyndi svo aftur á stöðu og styrk þessara fyrrum samherja, þá andstæðinga, og hafði Sigurður Ingi þá miklu betur. Framsókn fékk 17,3% atkvæða og Miðflokkur Sigmundar Davíðs aðeins 5,4%.

Klaustursmálið spilaði þar nokkra rullu, Sigurði Inga í vil, án þess, að hann hafi til fylgisaukningar unnið.

Til samans voru flokkarnir þannig enn með svipað fylgi 2021, 22,7%.

Gróft talað, hefur fylgi Framsóknarmanna, hvað svo sem flokksnafngiftum líður, því verið 20-25% síðasta áratug.

Hvað með kosningarnar nú?

Auðvitað eru sveitarstjórnarkosningar nokkuð annað en þingkosningar. En flokksböndin eru líka rík í þeim, og grunnfylgi oft svipað og í þingkosningum.

Ef fimm stærstu kjördæmin í sveitarstjórnarkosningunum eru skoðuð, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Akureyri, en í þessum kjördæmum eru yfir 180 þúsund kjósendur, af alls um 250 þúsund kjósendum í landinu, þá er meðaltalsfylgi Framsóknar nú 17,4%.

Á sama tíma er fylgi Miðflokksins í þessum sömu kjördæmum komið niður í 2-3%, nema á Akureyri, þar sem flokkurinn fékk 7,9%. Tala má um meðaltal upp á 3,5%. Þannig, að enn er samtalan svipuð, um 21%.

Þetta hrun Miðflokks er heldur ekki Sigurði Inga að þakka, heldur held ég, að kjósendur hafi átt erfitt með að skilja vel ýmislegt tal og sérstaklega athæfi Sigmundar Davíðs í seinni tíð, eins og það, þegar hann hakkaði í sig hrátt nautahakk úti í móa, velti sér um velli með hundum og auglýsti þetta svo.

Hvað með Sigurð Inga?

Jú, auðvitað er Sigurður Ingi líka bara maður, ekki alveg gallalaus, frekar en Sigmundur Davíð eða við hin, og honum varð á tungubrjótur í veizlu hjá Bændasamtökunum, sem margir töldu rasískan.

Flestir áttuðu sig þó á því, þegar málið var skoðað betur, að ummælin, sem Sigurður Ingi átti að hafa viðhaft, voru svo klikkuð, að þau gátu ekki einu sinni kallast rasísk.

Allir, sem sjálfir glugga í glas, skildu, að þetta hefði bara verið fyllirísruhl í innviðaráðherra. Hann slapp því með skrekkin og skottið milli lappanna.

Vann Framsókn stórsigur nú?

Nei, í raun ekki. Heildarfylgið á bak við Framsókn hefur ekki aukizt, eins og sjá má hér að ofan.

Aukinn fjöldi fulltrúa er í raun ekki auknu fylgi að þakka, heldur fremur því, að raðir andstæðinganna rugluðust, eins og vel má sjá t.a.m. á því, að Einar Þorsteinsson, sem var formaður Tys, félags ungra Sjálfstæðismanna í Kópavogi, skipti eins og hendi væri veifað um ham; gerðist Framsóknarmaður í Reykjavík.

Eins náði Sjálfstæðisflokkurinn ekki vel vopnum sínum í þessum kosningum, þar sem margir vildu kenna formanni hans um klúðrið við Íslandsbankasöluna, sem reyndar var framkvæmdaáðilum að kenna, fremur en Bjarna, og færðust þannig fulltrúar af Sjálfstæðisflokknum á Framsókn, án eigin verðleika Framsóknar.

Því má líka „sigri“ Framsóknar við það, að sigur vinnist í 100 metra hlaupi vegna þess, að keppinaut-

unum hafi farið aftur, fremur en, að viðkomandi hafi bætt sig.

Frjálslyndur miðjuflokkur?

Í Norður-Evrópu eru 15 stjórnmalaflokkar, sem telja sig vera frjálslynda miðjuflokka, og kenna sig við „Center“.

Nær allir þeirra skilja og túlka stefnu sína þannig, að samvinna evrópskra þjóða í ríkjasambandi ESB sé ekki bara æskileg, heldur bráðnaudsýnleg, og, að þátttakan

í þessu ríkjabandalagi, með systra- og bræðraþjóðum sínum, auðvitað okkar Íslendinga líka, sé eitt grunnstefnumálanna.

Meðan Halldórs heitins Ásgrímssonar, formanns Framsóknarflokksins 1994-2006, naut við, eins í formannstíð Jóns heitins Sigurðssonar, þar á eftir, má segja, að Framsókn hafi verið viðsýnn, samvinnusinnadur og frjálslyndur miðjuflokkur, sannur slíkur, einn af 15 í Evrópu, en með tilkomu Guðna Ágúst-

sonar, svo að ekki sé talað um Sigmund Davíð og Sigurð Inga, þá er sá draumur búinn.

Með þessum mönnum hrökk flokkurinn til baka um áratugi í gamla og úrelta afturhalds- og einangrunarstefnu; hreinan heimóttarskap.

Kannske verður Framsókn aftur blessunarlega raunverulegur frjálslyndur miðjuflokkur með Einari Þorsteinssyni, Brynju Dan og Ásmundi Einari! ■

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Í DAG ER

ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR

ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345

Merkisatburðir

- 1940** Breskir hermenn koma með varðskipinu Ægi til Akureyrar, viku eftir að Ísland er hernumið.
- 1970** Thor Heyerdahl siglir af stað á papýrusbátnum Ra II frá Marokkó yfir Atlantshafið.
- 1973** Íþróttafélagið Leiknir er stofnað í Efra-Breiðholti í Reykjavík.
- 1978** Líkkista Charlie Chaplin finnst við Genfarvatn.
- 1989** Alþingi samþykkir lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem meðal annars felur í sér flutning á rekstri grunnskóla til þeirra síðarnefndu.
- 1990** Katarínukirkja í Stokkhólmi brennur.
- 1995** Jacques Chirac tekur við sem forseti Frakklands.
- 2005** Konur endurheimta kosningarétt í Kúveit.

Söguleg uppskeruhátíð

Saga Íslands verður krufin á ýmsa vegu á Íslenska sögubínginu sem hefst í vikunni.

arnartomas@frettabladid.is

Íslenska sögubíngið hefst í vikunni og stendur yfir milli 19. og 21. maí. Viðburðurinn er samstarfsvettvangur helstu fagfélaga þegar kemur að sagnfræði og miðun sögu á Íslandi en að þinginu standa Sagnfræðingafélag Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Félag safnamanna, Félag sögukennara og Sagnfræðistofnun. Að þessu sinni verður boðið upp á meira en hundrað erindi í rúmlega 30 málstofum á þremur dögum, auk stakra fyrirlestra.

„Þetta er uppskeruhátíð og vettvangur til að miðla og koma saman öllum þeim aðilum sem eru að vinna á einn eða annan hátt með sagnfræðilegar rannsóknir á Íslandi og ræða það helsta sem er á baugi í þessari stóru fræðigreini,“ segir Hafðís Erla Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri þingsins.

Vaxandi fjölbreytni

Þetta er í fimmta skiptið sem þingið er haldið og segir Hafðís viðburðinn hafa stækkað á meira en einn veg.

„Vaxtarbroddurinn er fyrst og fremst fjölbreytni. Sviðið hefur bæði breiðkað og dýpkað. Margir upplifa sögu í framhaldsskólum sem einhvers konar upp-listun á konungum en við erum að fjalla um alls konar sögu.“

Meðal umræðuefna á málstofum á þinginu verður til dæmis saga Íslands með tilliti til fötlunar, hinsegin fólks, umhverfis og fjöldahreyfinga.



Hafðís Erla segir að helsti vaxtarbroddur þingsins sé fjölbreytnin. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

„Við erum að skoða og rannsaka svo miklu fleiri þætti í sögu landsins en bara þessa hefðbundnu stjórnálagssögu,“ segir Hafðís Erla.

Landafundir og holdsveiki

Á þinginu koma fram þó nokkrir erlendir fyrirlesarar.

„Heiðursfyrirlesari þingsins, Valerie Hansen prófessor í sagnfræði við Yaleháskóla, mun fjalla um landafundi á miðöldum,“ segir Hafðís Erla. „Það verður margt athyglisvert í boði sem hægt er að kynna sér betur á dagskránni hjá okkur.“

Þá verður einnig boðið upp á opna málstofu þar sem, í takt við tíðarandann, verður fjallað um farsóttir í sögulegu ljósi.

„Þetta er kannski dæmi um þessa grósku í íslenski sagnfræði og hvernig

við erum farin að fjalla um söguna í breiðu ljósi,“ útskýrir Hafðís Erla. „Þar verður meðal annars fjallað um áhrif mislingafaraldrana, holdsveiki í Norgegi og á Íslandi og sögu Farsóttarhússins í Þingholtsstræti sem er merkilegt hús og lýsandi fyrir tíðarandann.“

Aðspurð tekur Hafðís Erla undir með því að Íslendingar séu áhugasamir um sögu þjóðarinnar.

„Ef við lítum á sum af vinsælustu hlaðvörpum landsins þá eru þau með sögulegum vinklum, eins og Íljósi sögunnar og Draugar fortíðarinnar. Það er mikill áhugi á sögu og hefur alltaf verið. En svo er alltaf spurningin með filabeinsturna fræðanna – hvað er einungis rætt um innan fræðaheimsins og hvað nær til almennings? Hvað á að kenna í skólum? Á þinginu verða málstofur um einmitt þessi efni.“ ■



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Gylfi Jónsson
fv. vörubilstjóri,
Gullhömrum 11, Kópavogi,
lést 12 maí.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju miðvikudaginn 25. maí kl. 11.

<p>Viðar Gylfason Sigurjón Gylfason Halldór Gylfason barnabörn og barnabarnabörn.</p>	<p>Drifa Skúladóttir Anna Rakel Sigurðardóttir Halla Skúladóttir barnabörn og barnabarnabörn.</p>
--	--



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Anna Edda Gísladóttir
Lönguili 1e, 603 Akureyri,
lést í faðmi fjölskyldunnar þann 6. maí.
Innilegar þakkar til starfsfólks gjörgæsludeildar SAK.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

<p>Birgir Wendel Steinþórsson Elisabet Wendel Gisli Wendel Margret Wendel barnabörn og barnabarnabörn.</p>	<p>Jóhannes Rúnar Sigtryggsson Guðbjörg Thorsen Magnús Einar Magnússon barnabörn og barnabarnabörn.</p>
--	--



✝

Ástkær móðir, dóttir, systir, vinur og frændsystkini,
María Þorleif Hreiðarsdóttir
Safamýri 46, Reykjavík,
lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut, laugardaginn 7. maí.
Útför verður auglýst síðar.

Ottó B. Arnar
María Þ. Þorleifsdóttir
Hreiðar A. Aðalsteinsson
og aðrir aðstandendur.



✝

Elsku bróðir okkar og mágur,
Þorsteinn Helgi Karlsson
Gerðakoti, Álftanesi,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands hinn 4. apríl sl.
Útförin hefur farið fram.
Sérstakar þakkar færðum við starfsfólki Áss, dvalar- og hjúkrunarheimilis, Hveragerði, fyrir umönnun og hlýhug.

<p>Sigríður Karlsdóttir Ólafur Björg Karlsdóttir Ingveldur Karlsdóttir Ólafur Karlsson</p>	<p>Sigurður G. Thoroddsen Jósef Guðmundsson Kristín Bjarnadóttir</p>
--	---



✝

Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Georg Mår Michelsen
bakari,
Heinabergi 15, Þorlákshöfn,
lést 6. maí.
Útför hans fer fram frá Þorlákaskirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

<p>Anna Sigurlaug Þorvaldsdóttir Páll Michelsen Sigríður Ingfríð Michelsen Órvar Mår Michelsen afabörn og langafabörn.</p>	<p>Lea Michelsen Svanur Örn Tómasson Dögg Matthíasdóttir afabörn og langafabörn.</p>
--	---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og kær vinur,
Kristján Jóhannesson
Austurvegi 51, Selfossi,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 12. maí.
Útförin fer fram frá Selfoskirkju miðvikudaginn 1. júní kl. 14.

<p>Jóhannes Kristjánsson Brynja Kristjánsdóttir Bertha Sigurðardóttir barnabörn og barnabarnabörn</p>	<p>Sólveig Sigurðardóttir Örn Bergsson Tryggvi Karl Magnússon og fjölskyldur</p>
--	---



✝

Elskulegur pabbi okkar, tengdababbi, afi, langafi og langalangafi,
Ásgeir J. Guðmundsson
húsgagnasmíður,
Gullsmára 9,
sem lést 10. maí verður jarðsunninn frá Digraneskirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 11.

<p>Sigmundur Ásgeirsson Guðmundur Ásgeirsson Þóra Ásgeirsdóttir Ásgeir Ásgeirsson barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.</p>	<p>Kristín Ottesen Jónína Ninný Magnúsdóttir Þorvaldur Gíslason Berglind Björg Harðardóttir barnabörn og barnabarnabarn.</p>
--	--



✝

Okkar ástkæra
María Jóhannsdóttir
áður til heimilis að Þingvallastræti 27, Akureyri,
lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð 4. maí sl.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju, föstudaginn 20. maí kl. 13.
Blóm eru vinsamlegast afþakkuð en þeim sem vilja minnast Maríu er bent á Alzheimersamtökin.

<p>Arna Borg Einarisdóttir Birkir Einarsson Eydis Einarisdóttir barnabörn og barnabarnabörn.</p>	<p>Helgi Magnússon Anna Sýlvía Sigmundsdóttir Stefan Viðar Finnsson barnabörn og barnabarnabörn.</p>
---	---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahelli 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 17. maí 2022



Þúsundfæltugundin Nannaria swiftae er nefnd í höfuðið á Taylor Swift.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nafntogaðar og nýjar tegundir

jme@frettabladid.is

Prófessor Robert Poulin frá Háskólanum í Otago á Nýja-Sjálandi vill að fólk hugsi sig tvisvar um áður en það nefnir nýjar tegundir eftir frægu fólki, vegna hættu á að stjórnurnar falli í ónáð síðar. Undanfarið hefur næturfiðrildi verið nefnt í höfuðið á Donald Trump, þúsundfætla nefnd eftir Taylor Swift og froskur eftir David Attenborough. Doktor Poulin líkir þessu við frændhygli. Doktor Poulin skrifar: „Hetja eins er þorpari annars og vel þokkaðar stjórnur samtímans geta minnkað í vinsældum... Í staðinn ætti að nefna tegundir eftir lagi þeirra eða staðnum sem þær fundust á,“ bætir hann við.

Illa séður kynjamunur

Að nefna tegundir eftir sjálfum sér segir doktor Poulin vera illa séð. Hann tekur til dæmis 2.900 tegundir af helminths, sem eru sníkjuormar, sem hann hefur verið að rannsaka. Margar tegundirnar séu nefndar eftir frægum vísindamönnum. „Þessar skepnur, sem allar voru uppgötvaðar á síðustu 20 árum, sýna fram á stöðuga kynjahlutdrægni, enda voru tegundirnar oftast ekki nefndar eftir karlkyns vísindamönnum.“ Hann bætir við: „Að lokum hefur tilhneiging flokkunarfræðinga til þess að nefna nýjar tegundir eftir fjölskyldumeðlimum eða nánnum vinum aukist gríðarlega á síðustu 20 árum.“ ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA

MELTING & BÓLGUR

85%
VIRKT
CURCUMINwww.celsus.is

Kristján Sveinsson, eigandi Novus Habitat á Spáni, og Kristján Þórir Hauksson, einn eigenda Lindar, sjást hér handsala samning um samstarf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fyrsta skrefið í átt til nýrra heimkynna á Spáni tekið heima

Að eignast fasteign á Spáni hefur aldrei verið einfaldara né þægilegra því á dögunum skrifaði íslenska fasteignasalan Lind undir samstarfssamning við fasteignasöluna Novus Habitat á Spáni. Það gerir skoðunar- og kaupferli fasteigna ytra enn aðgengilegra en áður. **2**



Nafnarnir og löggiltu fasteignasalarnir Kristján Sveinsson og Kristján Þórir Hauksson eru sælir og sátir með samstarfið, sem þeir segja til mikilla hagsbóta og þæginda fyrir Íslendinga í leit að fasteignum á Spáni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

„Ég fékk bara hugljómum einn daginn; að selja Íslendingum spænskar draumaeignir í gegnum Lind fasteignasölu. Mér þótti tímabært að færa þessi fasteignaviðskipti heim, svo að landsmenn gætu labbað inn á hefðbundna, íslenska fasteignasölu í okkar stærðarflokki, sem fylgir bæði reynsla, traust og öryggi. Það eru nefnilega ekki allir sem treysta sér í fasteignakaup erlendis eða til að fara utan að ganga frá kaupunum, heldur vilja styrka leiðsögn fasteignasala hér heima sem sjá um málið frá A til Ö, og í samstarfi við jafn reynda fasteignasala ytra, eins og Kristján Sveinsson á Spáni,“ segir Kristján Þórir Hauksson, einn eigenda fasteignasölnunnar Lindar.

Í framhaldinu hringdi Kristján Þórir í nafna sinn Kristján Sveinsson sem um árabíl hefur rekið fasteignasölu Novus Habitat á Spáni með góðum árangri.

„Mér leist strax vel á nafna minn og það sem hann stendur fyrir á Spáni, en Kristján hefur einmitt aðstoðað íslenska fasteignakaupendur á Costa Blanca og Costa Cálida strandlengjunni um áralangt skeið. Novus Habitat sérhæfir sig í sölu nýbygginga á svæðinu og aðstoðar Íslendinga við að finna réttu eignina,“ upplýsir Kristján Þórir á Lindum sem er ein þriggja stærstu fasteignasala landsins.

„Það gefur Lind mikla vigt að hafa nú bætt við sig sölu á fasteignum á Spáni. Eftirspurnin er mikil og margir taka því fagnandi að geta gengið frá formsatriðum hér heima. Við höldum sölusýningu í lok apríl sem margir sóttu og nú þegar hafa margir skráð sig í skoðunarferðir til Spánar, þar sem Kristján tekur á móti þeim. Við erum himinlifandi með samstarfið við Novus Habitat því við vildum auka og bæta aðgengi fólks í kaupferlinu hér heima,“ segir Kristján Þórir sem er nú sjálfur staddur í skoðunarferð á fasteignum með Kristjáni, nafna sínum á Spáni.

„Áhugi Íslendinga á spænskum fasteignum er alltaf að aukast og hópurinn að yngjast, allt niður í fertugt og fimmtugt.

Fyrsta skrefið heima mikilvægt Kristján Sveinsson hjá Novus Habitat segir samstarfið við Lind til mikilla hagsbóta fyrir íslenska neytendur sem hyggja á fasteignakaup á Spáni.

„Því fylgja sannkölluð þægindi



Torrevieja er vinsælasta búsetusvæði Íslendinga á Spáni. MYNDIR/ÁSENDAR

Áhugi Íslendinga fyrir fasteignum á Spáni hefur aukist gríðarlega og það er greinilega uppsöfnuð þörf eftir tvö ströng Covid-ár.

Kristján Sveinsson

að geta tekið fyrsta skrefið heima á Íslandi; að geta farið í Lind eftir að hafa fundið draumaeignina á sölskránni, sest þar niður í rólegheitunum og farið yfir hlutina áður en ákvörðun er tekin um að fara út í skoðunarferð. Það gefur þessu samstarfi mesta vægið,“ segir Kristján sem verið hefur búsettur á Torrevieja-svæðinu síðan 2016.

„Það er einfaldlega æðislegt líf að búa hér á Spáni og enginn á leiðinni til baka. Áhugi Íslendinga á því að kaupa sér fasteign á Spáni hefur aukist gríðarlega og það er greinilega uppsöfnuð þörf eftir tvö ströng Covid-ár. Það er mikil sala og að undanförunu hafa tveggja til þriggja herbergja íbúðir í fjölbýlishúsum með sundlaugakjarna verið vinsælastar, sem og minni sérbylí,“ greinir Kristján frá.

Þegar Kristján og Birna Guðmundsdóttir, eiginkona hans, stofnuðu Novus Habitat settu þau sér strax markmið um að eiga samstarfsaðila í fleiri löndum.

„Við eigum þegar í samstarfi við fasteignasöluur í Belgíu, Frakklandi og Hollandi og gerum nú eins á Íslandi. Við fáum styrk frá Lind sem eru fagmenn fram í

finngóma og finnum strax fyrir miklum áhuga og þunga frá þeim. Fólk kann því vel að þessar fasteignasölu séu í samstarfi beggja vegna hafsins og að hægt sé að leita til okkar, hvort sem það er á Íslandi og Spáni. Því fylgir öryggi og traust sem fólk hefur til íslenskrar fasteignasölu sem vandar sig í hvívetna og fylgir málum eftir heima þar til við tökum við boltanum hér úti,“ segir Kristján sem sækir Íslendinga í fasteignaleit á flugvöllinn í Alicante, fylgir þeim á hótél og flakkar með þá á milli hverfa og eigna næstu fimm til sjö dagana ytra.

„Við sjáum um allt sem þarf að gera og allan frágang. Við tökum eftir að undanfarið er fólk að minnka við sig heima og kaupa sér eign erlendis, enda gott að selja á Íslandi um þessar mundir og fasteignasverð hagstætt á Spáni. Verðið hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarið ár og spá greinendur því að markaðsvirði fasteigna við strandlengju Spánar fari hækkandi á komandi árum,“ upplýsir Kristján í Novis Habitat.

Hann segir suma kaupa sér eign til að flytja til Spánar á meðan aðrir kaupir til að vera með annan fótinn í sól og sumaryll.

„Enn fremur kaupir fólk til að fjárfesta í framtíðareign og leigir eignina um skeið til að borga niður fjárfestinguna og fullnýta eignina síðar meir,“ segir Kristján, og þess má geta að aðgengi að fjármögnun á hagstæðum kjörum er tiltölulega auðsött með þjónustu reynsluríkra fasteignasala á svæðinu, eins og Novus Habitat.



Hér má sjá stærsta manngerða lón í Evrópu sem er í Santa Rosalia, umkringgt risastórum íbúðakjarna sem er einn sá vinsælasti hjá Novus Habitat.



Litlar íbúðir í fjölbýlishúsum og minni séreignir eru vinsælustu eignirnar nú.

Mæta þörfum hvers og eins

Dæmigerð skoðunarferð til Spánar hefst í höfuðstöðvum Novus Habitat í Benijófar. Þar er farið yfir hvaða fasteignir eru í boði og lögd drög að því hvaða eignir verða heimsóttar áður en farið er í skoðunarferðir í mismunandi hverfi sem henta hverjum og einum.

„Ef fólk finnur draumaeignina aðstoðum við við allt kaupferlið, stofnun bankaviðskipta, sækjum um spænska kennitölu (N.I.E.-númer) og fylgjum ferlinu alla leið. Að taka fyrsta skrefið í fasteignakaupum á Spáni þarf því ekki að vera svo flókið og enn hægara verður nú um vik að taka fyrsta skrefið hjá Lind þar sem við byrjum að leggja línurnar að skoðunarferð og mætum þörfum hvers og eins.“

Fasteignasölnurnar Lind og Novus Habitat leggja mikið upp úr alhlíða þjónustu við íslenska fasteignakaupendur, allt frá frágangi kaupsamnings, fjármögnun, að koma eigninni í leigu hluta af ári, sé þess óskað, og meira að segja aðstoðar Novus Habitat við

stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

„Við leggjum okkur fram um að velja eignir hjá byggingaráðilum sem við þekkjum vel til og treystum til að vera með allt sitt í lagi. Við bjóðum líka upp á alla aðstoð við að innrétta og fullbúa eignina húsgögnum og getum boðið þjónustu frá íslenskum innanhúshönnuði ef kaupandi kys það,“ upplýsir Kristján hjá Novus Habitat.

„Þegar kemur að afhendingu eignar fer Novus Habitat yfir eignina til að ganga úr skugga um að allt sé með felldu og eins og samið var um. Við leggjum fram öll gögn þannig að viðskiptavinurinn veit nákvæmlega hver kostnaðurinn er við kaupin frá upphafi, og því er enginn óvæntur kostnaður eða gjöld. Við leggjum einnig fram kostnaðaráætlun um árleg útgjöld eftir að kaup eiga sér stað.“ ■

Allar nánari upplýsingar má finna á fastlind.is og novushabitat.es

Lykill að lífi landssöfnun Kiwanis

ÞRIÐJUDAGUR 17. maí 2022



Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Pétur Jökull Hákonarson, umdæmisstjóri Kiwanis á Íslandi. Pétur afhendir hér fyrsta K-lykilinn sem verður til sölu um næstu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Tómas Sveinsson
formaður kynningar- og markaðsnefndar

Kiwanis fyrir þig

Er Kiwanis fyrir þig? Já, klárlega, en hvað er Kiwanis? Kiwanis eru alheimssamtök sjálfbodaliða manna og kvenna sem hafa að markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna undir kjörorðinu: Hjálpum börnum heimsins.

Kiwanishreyfingin leggur áherslu á manngildi og eflingu félagskenndar félaganna. Það er gaman saman í Kiwanis og félagar tengjast ævilöngum vináttuböndum og fer það ekki endilega eftir búsetu. Kiwanis kennir okkur að tjá okkur og koma fram og er félagskapur sem veitir okkur ánægju með því að vinna að því að aðstoða þá sem minna mega sín í samfélaginu og þá helst barna, síðan og ekki síst er Kiwanis fyrir karla og konur – yngri og eldri.

Kiwanishreyfingin var stofnuð í Detroit í Michiganfylki í Bandaríkjunum þann 21. janúar 1915 en hreyfingin kom til Íslands í janúar 1964 með stofnun fyrsta klúbbs okkar en það var Kiwanisklúbburinn Hekla í Reykjavík. Í framhaldi voru stofnaðir fleiri klúbbar og dreifðist Kiwanis út um nánast allt land og einnig til Færeyja sem tilheyrja okkar umdæmi í dag.

Kiwanishreyfingin hefur lyft grettistaki í hinum ýmsu verkefnum bæði hér á landi og á heimsvísu og má þar nefna Joð-verkefni sem fólst í því að vinna bug á joðskorti í þróunarlöndum og á heimsvísu en joðskortur veldur vanvirkni í skjaldkirtli. Einnig má nefna MNT-verkefnið sem er ætlað að koma í veg fyrir fæðingarstífkrampa í nýburum en þetta er gert með bólusetningu. Já, verkefni eru mörg sem þessi frábæra hreyfing hefur innt að hendi á heimsvísu og tæki of langan tíma að tíunda það hér.

Á Íslandi hefur hreyfingin unnið mikið og gott starf og má þar t.d. nefna K-daginn sem er að ganga í garð núna, en þetta verkefni er til styrktar geðverndarmálum og var fyrsti K-dagurinn haldinn 18. október 1974, undir kjörorðinu: Gleyfum ekki geðsjúkum. Á þeim degi gengu Kiwanismenn ásamt aðstoðar-

fólki á fund landsmanna og seldu barmmerki, Kiwanis-lykilinn, til styrktar geðsjúkum. Framhaldið er þekkt, K-dagur er orðinn fastur liður í Kiwanisstarfinu þriðja hvert ár og þekkja allir landsmenn kjörorðið: Gleyfum ekki geðsjúkum. K-dagurinn hefur líka stuðlað að því að fá þessa umræðu um geðheilbrigði upp á yfirborðið en það hefur verið mikið feimnis-mál í gegnum tíðina.

Hjálma-verkefnið þekkja allir landsmenn en þar fá allir 1. bekklingar grunnskóla landsins reiðhjólaljálma að gjöf og þar höfum við góðan styrktaraðila með okkur sem er Eimskip, en sögu verkefnisins má rekja aftur til 1990, þegar hugmyndin kom upp hjá Kaldbak á Akureyri en 2004 var verkefnið gert að landsverkefni og þá í samvinnu við Eimskip sem hefur reynst ómetanlegur bakhjarl.

Margar sögur hafa borist okkur Kiwanismönnum til eyrna um óhöpp sem hefðu getað leitt til alvarlegra slysa ef hjálmannanna okkar hefði ekki notið við. Þá eru ótalin áhrifin sem hjálmanotkun barnanna hefur haft á hjálmanotkun þeirra síðar meir og einnig á hjálmanotkun foreldranna. Þá hafa margir aðrir lagt málefnið lið, til dæmis hjúkrunarfræðingar, Slysavarnafélagið og lögreglumenn með viðbótarfræðslu og umfjöllun um umferðarreglur og hætturarnar í umferðinni.

Einnig má nefna Eiturlyfjavísi sem gefinn var út og notaður til að skynja notkun eiturflyfa og vinna að forvörnum og síðan Lifsvísinn sem er til að sporna við sjálfsvígum. Svona mætti lengi telja af þeim frábæru verkefnum Kiwanishreyfingarinnar á landsvísi.

Ekki má gleyma hinu mikla starfi sem klúbbar umdæmisins hafa unnið úti um allt land í sínum heimabyggðum og eru þau óteljandi, og þær vinnustundir sem Kiwanisfélagar hafa innt af hendi í sínum klúbbum. Mörg eru þau verkefni sem eru bundin við klúbba og byggðarlög sem of langt mál yrði að telja upp hér.

En ágæti lesandi, ef þú ert tilbúinn að láta gott af þér leiða fyrir börn og okkar samfélag þá sérðu á þessum verkefnum



Kiwanismenn hafa í langan tíma afhent börnum hjálma til að bæta öryggi þeirra í umferðinni.



Börnin taka glöð á móti hjálmunum.

”
Kiwanishreyfingin hefur lyft grettistaki í hinum ýmsu verkefnum bæði hér á landi og á heimsvísu.

Kiwanis að þetta er klárlega félagskapur fyrir þig.

Hreyfingin stendur nú á tíma-mótum, margt er að breytast í okkar samfélagi, mikil tæknivæðing og alls konar nýjungar og því mikil þörf á nýju fólki til að taka þátt í þessu frábæra starfi sem við erum að vinna í Kiwanis. Nútíð og framtíð bjóða upp á margs konar form á Kiwanisstarfi, eins og klúbba sem starfa eingöngu á netinu en hittast þar á milli til að hafa gaman saman, blandaða klúbba, kvennaklúbba, ungliðaklúbba, ásamt hinum hefðbundnu Kiwanisklúbbum.

Já, kæri lesandi, Kiwanis er fyrir þig, gakkttu til liðs við okkur. ■



Lykill til lausnar



Eyjólfur Sigurðsson
fyrirverandi forseti Kiwanis International

Kiwanishreyfingin selur „lykilinn“ til styrktar fólki með geðraskanir en það mun hafa verið í upphafi árs 1973 að umræða hófst í Kiwanishreyfingunni á Íslandi um að nú væri kominn tími til að ráðast í stórverkefni þar sem allir starfandi klúbbar í umdæminu stæðu sameinadír að verki.

Undirbúningur hófst og ýmislegt bar á góma þegar farið var að huga að verkefni þar sem hægt væri annars vegar að sameina hreyfinguna og hitt sem var jafnvel mikilvægara en það var að taka að sér verkefni sem væri þjóðfélagslega mikilvægt og að hægt væri að fá þjóðina til að styðja þegar gengið væri til verks.

Eftir töluverðar vangaveltur var ákveðið að „geðsjúkir“ yrðu aðstoðaðir undir kjörorðinu „Gleyfum ekki geðsjúkum“. Mjög ítarleg athugun fór fram á því hvar skyldi bera niður. Við vissum að staða geðsjúkra á þessum tíma var erfið. Þeir höfðu orðið út undan og

þeirra vandamál voru ekki höfð í hávegum. Það þurfti nauðsynlega að vekja áhuga landsmanna á margvíslegum vandamálum geðsjúkra.

Hvar áttum við að bera niður? Við leituðum til sérfræðinga í þessum málum og í framhaldi af því var tekin ákvörðun um að styðja uppbyggingu Bergiðjunnar við Kleppspítalann sem var vinnustaður fyrir geðsjúkt fólk. Tómas Helgason prófessor var okkar tengiliður við verkefnið í Bergiðjunni og var það mikils virði.

Við höfum undirbúning að því að finna tákni fyrir verkefnið sem myndi verða selt til almennings í formi merkis, sem vonandi yrði ekki bara söluvara heldur einnig tákni um vandamálið sem við var að fást. Ég átti leið til Ítalíu á Evrópuþing Kiwanisfélaga og tók eftir því að fani þingsins var „lykill“ á hvítum fleti. Lykillinn hafði verið teiknaður af ítölskum manni, félagi á Kiwanisklúbbum í Milánó. Ég hitti listamanninn og sagði honum frá verkefninu sem



Kiwanis-lykillinn er fjáröflunarleið sem hefur verið vel tekið hjá landsmönnum.

við vorum að undirbúa heima á Íslandi og óskaði eftir því að við mættum nota teikningu hans til að láta framleiða „lykil“, nælu, sem við myndum selja til stuðnings geðsjúkum. Hann samþykkti þegar í stað að leyfa okkur að nota teikningu hans á endurgjalds.

Við höfum framleiðslu á „lyklinum“ og undirbyggjum fyrsta K-dag íslenskra Kiwanismanna sem haldinn yrði í október 1974. Allir Kiwanisklúbbar í landinu tóku þátt í verkefninu og voru um eitt þúsund félagar og aðstoðarfólk

um allt land sem tóku þátt í sölu. Við seldum 60.000 lykila sem fór langt fram úr áætlunum okkur og við gátum ráðist í verkefnið í Bergiðjunni af fullum krafti.

Við höfum haldið áfram síðan, selt „lykilinn“ á fjögurra ára fresti fram á þennan dag og er næsti lykilsölu dagur nú fram undan. Það er ekki ofsögum sagt að öll þessi vinna í þágu fólks með geðraskanir hefur haft áhrif. Við höfum komið víða við á þessum 48 árum og margt hefur verið gert. Þörfin er enn mikil og við höldum áfram. ■

Styðja fólk með sjálfsvígs- eða sjálfsskaðahugsun

Bergið er stuðnings- og ráðgjafarsetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri þar sem fagfólk sinnir þeim sem þangað leita. Um helmingur unga fólksins sem leitar þangað gerir það því að það finnur fyrir vanlíðan svó sem vegna þess að fjölskyldumeðlimir eru í neyslu eða með geðsjúkdóm eða þá bæði.

Nítján prósent þeirra sem leituðu til Bergsins í fyrra voru með einhverjar hugsanir eða hugmyndir um sjálfsvíg eða sjálfsskaða og þess vegna er nauðsynlegt að grípa strax í taumana. „Það sem gerir Bergið sérstakt og einstakt í úrræðum í tengslum við geðheilbrigði ungs fólks er að það er það sem við köllum lágþröskuldaúrræði; það þýðir að við leggjum áherslu á að sinna öllum sem til okkar leita,“ segir Sigurbóra Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Bergsins.

„Það eru engin skilyrði fyrir því hvort viðkomandi megi koma nema að viðkomandi sé á tilteknum aldri: 25 ára eða yngri. Við lækjum þröskuldinn með því að hafa þetta ókeypis, það eru ekki biðlistar og húsnæðið er huggulegt og það er gott að koma þangað.“

Ef fólk á þessum aldri vill tala um eitthvað sem því liggur á hjarta og sem því líður illa yfir og vill tala við einhvern þá getur það skráð sig í gegnum heimasíðu okkar, bergid.is, og komist í samband við fagaðila til að hitta og tala við. Þetta gerir úrræði okkar frábrugðin öðrum vegna þess að yfirleitt þarf fólk að uppfylla einhvers konar skilyrði fyrir því að fá að vera í ráðgjöf hjá öðrum. Það eru til fleiri svona úrræði víða um heim. Þetta er gert vegna þess að við teljum að það þurfi að lækka þröskuldinn á því að þau mæti og leiti hjálpar og fá fólk inn sem fyrst vegna þess að þá er oft hægt að takast á við ýmiss konar hluti áður



Bergið er stuðnings- og ráðgjafarsetur fyrir fólk sem er 25 ára og yngra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Við höfum verið í mjög góðu samstarfi við Pieta samtökin sem senda til okkar ungmenni sem eru undir 18 ára og við komum oft okkar krökkum inn í meðferð hjá Pieta sem við teljum að þurfi þess.

systkini sem eru í neyslu eða eru með geðsjúkdóm eða bæði. Það er áhugavert við þennan hóp að 95 prósent af þessu unga fólki eru í skóla eða vinnu. Það er að standa sig. Það er að gera sitt besta en því líður illa. Það upplifir kvíða, finnur fyrir þunglyndi og fjórðungur upplifir einmanaleika. Þetta fólk þarf stuðning en það er seigt og flott og því nær að líða betur með því að fá einhvern til þess að ræða við. Þannig að von okkar er að með starfsemi Bergsins getum við komið í veg fyrir að þetta unga fólk brenni út, detti út úr virkni sinni. Við viljum helst fá það til okkar á meðan svo er svo það geti haldið áfram að vera virkt í lífi sínu.“

Sigurbóra segir að 19 prósent þeirra sem leituðu til Bergsins í fyrra hafi verið með einhverjar hugsanir eða hugmyndir um sjálfsvíg eða sjálfsskaða. „Fagfólk Bergsins metur það í viðtölum hversu mikil hættan er og reynir að vinna ákveðið hættumat í viðtalsramma Bergsins. Við höfum verið í mjög góðu samstarfi við Pieta samtökin sem senda til okkar ungmenni sem eru undir 18 ára og við komum oft okkar krökkum inn í meðferð hjá Pieta sem við teljum að þurfi þess. Við erum einnig í góðu samstarfi við BUGL, geðdeild Landspítalans, og heilsugæsluna og flesta þá sem koma að þessum ungmennum.“



Sigurbóra Bergsdóttir er framkvæmdastjóri Bergsins

en þeir verða að meira vandamáli. Það er kannski grunnhugsunin í Berginu og það er svo mikilvægt að við fáum að halda þessu.

Það eru engin skilyrði fyrir því hversu mörg viðtöl viðkomandi fær eða hvað er talað um; það er talað um það sem viðkomandi vill tala um. Við erum ekki með takmark á fjölda viðtala en skjólstæðingar okkar koma að meðal-

tali þrisvar til fimm sinnum. Þeir mega líka koma einu sinni og prófa og ef þeir fíla þetta ekki þá koma þeir bara ekkert aftur.“

Ráðgjafar í Berginu eru allir fagfólk og segir Sigurbóra að flestir séu félagsráðgjafar auk þess sem sálfræðingur og náms- og starfsráðgjafi eru á meðal ráðgjafa. „Þetta er fagfólk sem hefur mikla reynslu og þekkingu við að vinna

með ungu fólki og í geðheilbrigðismálum. Þjónustan er mjög góð.“

Stelpur/ungar konur 75 prósent Bergið var opnað árið 2019 og segir Sigurbóra að síðan þá hafi tæplega 1.000 ungmenni sótt um að koma. „Þau eru að nálgast 200 á þessu ári og í fyrra voru þau tæplega 500, við gerum ráð fyrir að þau verði 6-700 á þessu ári. Við tökum viðtöl við 50-60 ungmenni á viku eins og staðan er núna.“

Sigurbóra segir að í fyrra hafi stelpur/ungar konur verið 75 prósent þeirra sem leituðu til Bergsins sem þýðir að strákar/ungir menn voru 25 prósent. „Okkur langar til að jafna hlutfallið; við viljum fá strákana til okkar í meira mæli.“

Hvað er það helsta sem unga fólkinu liggur á hjarta?

„Það kemur af ýmsum ástæðum. Bergið er áfallamiðuð þjónusta þannig að við tölum meira um hvað kom fyrir þau heldur en hvað að þeim er. Helmingur af krökkunum sem koma til okkar er krakkar sem eiga foreldra eða

Það er alltaf von

Á Íslandi falla þrír til fimm einstaklingar í mánuði fyrir eigin hendi eða að meðaltali 40 einstaklingar á ári. Að missa í sjálfsvíg er mikið áfall, og margir eiga um sárt að binda í langan tíma, bæði andlega og líkamlega. Þá eru ótaldir allir sem sitja eftir í sárum án þess beinlínis að missa heilsuna.

Árið 2016 fór hópur fólks sem hafði fundið þennan sársauka á eigin skinni að leita leiða til að leggja sitt lóð á vogarskálarnar og berjast gegn þessu meini. Úr varð að Pieta samtökin voru stofnuð. Pieta eru frjáls félagasamtök sem vinna að forvörnum gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða. Fólk sem á sjálft við þennan vanda að stríða, aðstandendur þess og þeir sem misst hafa ástvin í sjálfsvíg geta fengið gjaldfrjáls viðtöl hjá fagaðilum samtakanna.

Kjarninn í hugmyndafræði Pieta er að það er alltaf von, þrátt fyrir óþærligan tilfinningalegan sársauka og löngun til að deyja. Með víðeigandi stuðningi og meðferð er hægt að vekja nýja von og tilgang með lífinu.

Samtökin voru stofnuð að írskri fyrirmynd „Pieta house“ samtakanna. Þjónustan hérlendis, líkt og á Írlandi, er veitt af þverfaglegu teymi heilbrigðismenntaðs starfsfólks þar sem lagt er upp með að veita aðgengilega þjónustu í hlý-

Við höfum verið í mjög góðu samstarfi við Pieta samtökin en þjónustar allt landið með fjarviðtölum. Auk þessa halda samtökin úti síma sem er opinn allan sólarhringinn allt árið um kring.

legu og vinalegu umhverfi. Öllum er mætt af virðingu og biðin aldrei lengri en nokkrir dagar.

Þetta eru burðarstoðir í þjónustu samtakanna en þau vinna líka að markmiðum sínum með því að starfrækja stuðningshópa, fara með ýmiss konar fræðslu í skóla og fyrirtæki, halda erindi á ráðstefnum og styðja við ýmsa þátta- og kvikmyndagerð.

Það hefur sýnt sig að þörfin eftir þessari þjónustu er gríðarleg og ásóknin hefur verið stöðug og sívaxandi. Þannig leituðu rúmlega þrjú hundruð einstaklingar til samtakanna á fyrsta starfsárinu en rúmlega sjö hundruð í fyrra.



Hér afhenda Kiwanismenn stóran styrk til samtakanna. MYNDIR/ADSENDAR



Kiwanismenn hafa styrkt Pieta samtökin og kynnt sér starf þeirra.

Alls hafa tæplega 2.000 manns fengið viðtal hjá samtökunum frá því dyrnar voru opnaðar 2018 sem verður að teljast talsverður fjöldi í jafn fámennu landi eins og Ísland er.

Samtökin eru alfarið rekin af styrkjum og hafa Kiwanis samtökin stutt dyggilega við starf samtakanna. Án þeirra ríkulega stuðnings, og annarra góðgerðarsamtaka, hefði róður samtakanna verið mun þyngr og standa Pieta samtökin í mikilli þakkarskuldburð við Kiwanis á Íslandi.

Það er von samtakanna að þeim mæti áfram sá mikli stuðningur sem þau hafa notið undanfarin ár svo að hægt verði að halda mikilvægu starfi samtakanna gangandi áfram. ■

Barna- og unglíngageðdeild (BUGL) er hluti af Landspítalanum og samanstendur af tveimur deildum, legudeild og göngudeild. Deildirnar veita börnum upp að 18 ára aldri sérhæfða og þverfaglega sjúkrahúspjónustu vegna geð- og þroskaraskana.

Saga BUGL er löng og nær aftur til ársins 1970 þegar barnageðdeildin við Dalbraut var stofnuð. „Það hafa orðið gríðarlegar breytingar á þjónustu deildarinnar, bæði þekkingarlega og viðhorfslega. Sem dæmi um þróun undanfarinna ára og áratuga má nefna hvernig fjölskyldumiðaðri þjónustu hefur fleygt fram. Í dag gerum við ekkert án fjölskyldunnar,“ segir Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal, deildarstjóri hjúkrunar Barna- og unglíngageðdeildar Landspítala.

„Enn nær okkur í tíma er þróunin í átt að sjúklingamiðaðri þjónustu, það er heilbrigðisþjónusta þar sem þjónustubeginn er álitinn hluti af eigin teymi og vel til þess fallinn að stýra eigin meðferð eins og við á. Þetta er skemmtileg áskorun, en það er mikið öryggisatriði að sjúklingar á sjúkrahúsi hafi yfirsýn yfir eigin meðferð og viti að þeir eiga rétt á því að vera upplýstir. Við höfum fengið þau börn sem innskrifast á legudeildina til að veita okkur endurgjöf á þjónustuna og þau hafa komið með verðmæta leiðsögn og hugmyndir sem við höfum getað hrint í framkvæmd. Allt frá því að benda okkur á það að við þurfum ekki öll starfsfólkið, að spyrja hvernig þau sváfu um nóttina, yfir í að hjálpa okkur við að innrétta deildina af húsbúnaði og afþreyingu,“ segir Sigurveig.

Helstu verkefni deildarinnar síðustu ár

Covid hefur að sögn Sigurveigar verið fyrirferðarmikil áskorun fyrir samfélagið í heild síðastliðin ár og BUGL hefur ekki farið varhluta af því. „Deildirnar héldu uppi óskertri starfsemi í gegnum faraldurinn og erum við stolt af því. Farsóttin olli hins vegar gríðarlegri sprengingu árið 2021 í fjölda bráðra mála sem leitað var með á BUGL og átröskunartífella. Því þurfti að flytja fagfólk á

Gjöfult samstarf bætir geðheilbrigðisþjónustu barna



Sigurveig segir uppbyggingu á trans teymi meðal annars hafa verið stórt og nauðsynlegt verkefni hjá BUGL undanfarin ár. Verkefnið var ekki fjármagnað sérstaklega og krafðist útsjónarsemi að koma á fót. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Styrkir frá Kiwanis hafa meðal annars verið nýttir til þýðinga á fræðsluefni og til að bjóða samstarfsaðilum á málþing um sjálfsskaðahæðun unglínginga og mat á sjálfsvígshættu.

milli teyma innanhúss til að mæta þörfinni. Uppbygging trans teymis BUGL er annað dæmi um stórt og nauðsynlegt verkefni undanfarinna ára sem var ekki fjármagnað sérstaklega og krafði okkur um útsjónarsemi að koma á fót.

Næstu skref í uppbyggingu starfsins eru mörg. Við höfum lagt mikla vinnu í innra skipulag undanfarin ár sem meðal annars hefur skilað þeim árangri að algengasti biðtími eftir þjónustu göngudeildar BUGL hefur styst um tvo mánuði.“

Kiwanis ötull bakhjarl BUGL Kiwanishreyfingin hefur verið ötull bakhjarl BUGL í gegnum árin og veitt ómetanlegan stuðning við

bætta aðstöðu og þróun meðferðarúrræða. „Eitt af hlutverkum BUGL er að miðla þekkingu til samstarfsstofnana og fagaðila í nærumhverfi barna. Styrkir frá Kiwanis hafa meðal annars verið nýttir til þýðinga á fræðsluefni og til að bjóða samstarfsaðilum á málþing um sjálfsskaðahæðun unglínginga og mat á sjálfsvígshættu. Annað dæmi sem má nefna er að Kiwanis styrkti námskeið fyrir fagfólk á BUGL í fjölskyldumeðferð.

Ávinningur af verkefnum sem Kiwanis hefur stutt er mikill og stuðlar að bættari geðheilbrigðisþjónustu og eflingu á þjónustu í nærumhverfi og skilar sér þannig í auknum lífsgæðum fyrir börnin og fjölskyldur þeirra.“

Til þess að lífs- nauðsynleg heilbrigðisþjónusta standi öllum til boða verðum við sem samfélag að sameinast um að byggja hana upp og viðhalda henni.

Áskoranir í dag

Áskoranir BUGL í dag eru margvislegar að sögn Sigurveigar. „Áskoranir taka oft mið af nærumhverfi barna í landinu og hvernig því gengur að styðja við þau. Við verðum vör við það þegar þjónusta í nærumhverfi er öflug. Eins verðum við vör við það þegar önnur kerfi glíma við áskoranir. Sömuleiðis finna önnur kerfi og fjölskyldurnar fyrir því þegar eftirspurn eftir þjónustu spítalans verður meiri en þjónustan sem hann hefur upp á að bjóða. Þetta hangir allt saman.

Önnur áskorun sem hefur verið til staðar til lengri tíma er það viðfangsefni að laða til starfa hæft fagfólk sem býr yfir reynslu og þekkingu til að veita þá heilbrigðisþjónustu sem þau sem leita á BUGL þarfnast. Við erum lítið land og það getur verið vandamt að viðhalda sérþekkingu á því breiða sviði sem barnageðheilbrigðisþjónusta er. Ekki síst þegar betur launuð stórf þjóðast færum fagaðilum, þar sem vinnuálag er jafnvel minna.“

Við eigum öll rétt á heilbrigðisþjónustu

„Það er ekkert einfalt svar til við því hvað þurfi að gera í þessum málaflökkum. En við verðum að hafa í huga að öll eigum við rétt á heilbrigðisþjónustu. Til þess að lífsnauðsynleg heilbrigðisþjónusta standi öllum til boða verðum við sem samfélag að sameinast um að byggja hana upp og viðhalda henni. Við á spítalanum höfum svo þá skyldu að standa undir því trausti sem til okkar er borið og veita bestu þjónustu sem völ er á á þeim tímamarki,“ segir Sigurveig. ■

Kiwanis fyrir mig og þig

Kristján Gísli Stefánsson, fyrrverandi forseti Kiwanis Setbergs Garðabæ, spyr hvað fái einstakling undir fertugu til að ganga í áhrifahreyfingu. Hvað með hreyfingu sem er með meðalaldur yfir sextugt? Það er fyrst og fremst vilji til að láta gott af sér leiða, vilji til að hafa áhrif á nærumhverfið og heiminn.

„Það eru mörg frábær verkefni sem koma upp í hugann en ég skoðaði sérstaklega þá starfsemi sem hefur forgang hjá börnum og ungmennum. Kiwanis eru að mínu mati fremstir þar í flokki. Það er leikur einn að fræðast um sögu og starf Kiwanis hér á landi og erlendis og því mun ég einbeita mér að sögu minni innan Kiwanis og hvað ég hef gefið af sjálfum mér og því sem ég hef fengið í því starfi.

Þegar ég byrjaði í Kiwanis vissi ég ekki hversu mikið starfið myndi



Kiwanis er skemmtilegur félagsskapur.



Kristján Gísli Stefánsson.

Kiwanis tengir saman kynslóðirnar, tengir saman löndin, tengir saman álfurnar, tengir heiminn.

hafa jákvæð áhrif á mig.

Mesta endurgjöfin er án efa að sjá gleði í andlitum barna þegar við afhendum hjálma til 1. bekkinga. Að sjá spenninginn í augum gestanna á tónleikunum sem nokkrir

klúbbar á höfuðborgarsvæðinu halda fyrir ungmenni með hreyfi-, skyn- og þroskahamlanir. Að afhenda ný húsgögn inn á heimili sem þurfa þess. Það er ómetanlegt. Síðan kemur að alþjóðlega samstarfinu, þá sérstaklega því sem er í Evrópu. Árið 2019 var ég valinn ásamt þrennu öðru ungu Kiwanisfólki frá Íslandi til þess að ferðast og hitta önnur ungmenni frá Kiwanishreyfingunni í Evrópu.

Það var ómetanleg upplifun að tengjast öðru fólki frá löndum eins og Rúmeníu, Frakklandi, Noregi og fleirum sem eru tilbúin til þess að gefa af sér til nærsamfélagsins og

barna. Sú tenging gaf mikið af sér og gefur enn. En það var ekki eina gjöfin þar, þar var stunduð mikil kennsla í uppbyggingu klúbba og styrkingu þeirra. Þar voru lögð drög að árlegum fundi Ungra Kiwanis í Evrópu til styrkingar hreyfingarinnar, en þá kom Covid svo lítið varð úr þessu næstu tvö árin á eftir.


Dagana 6.–8. maí 2022 var haldin ráðstefna númer tvö og fór ég aftur fyrir hönd Íslands ásamt tveimur öðrum ungum Kiwanismönnum, einn var til dæmis nýorðinn tvítugur. Sú ferð veitti ekkert minni innblástur. Þar tók á móti okkur fjöldinn allur af frábæru fólki í Kiwanishreyfingunni í Evrópu ásamt starfsfólki og leiðbeinendum sem höfðu öll áhrif á mig á mismunandi hátt. Að kynna fólk sem hefur að leiðarljósi betrumbætur samfélagsins og heimsins er sálarnærandi. Það er upplýftandi og veitir manni sálhjálp á þannig hátt að þú hafðir ekki hugmynd um að þú þyrftir þess.

Kiwanis tengir saman kynslóðirnar, tengir saman löndin, tengir saman álfurnar, tengir heiminn. Eitthvað sem mig hafði ekki órað fyrir að ég sem einstaklingur þyrfti eða þræði. Kiwanis veitir mér hjálp. Ef þú vilt gefa af þér, gefa af þér góða strauma til samfélagsins, kynna nýju fólk, vera treyst til verka, hafðu þá samband við Kiwanis og við tökum á móti þér með opinn fadmann. ■

Fasteignablaðið

20. TBL. 17. MAÍ 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili

fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



BÚUM VEL



Sérhæfð lögfræðipjónusta
með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is



Húsið er á
góðum stað í
Suðurhlíðum
Reykjavíkur.

Fallegt raðhús á góðum stað

Heimili fasteignasala kynnr í einkasölu: Fallegt endaraðhús með bílskúr á mjög rúmgóðri og fallegri endalóð á þessum eftirsóttasta stað í suðurhlíðum borgarinnar. Aðkoma að húsinu er falleg og garðurinn glæsilegur með stórra verönd, skjólveggjum og fallegum og vel hirtum gróðri.

Eignin hefur fengið gott viðhald í gegnum árin, eikarparket er á gólfum og nýlegar innréttingar í eldhúsi, baðherbergjum og þvottahúsi. Allar innihurðir hafa nýlega verið sprautulakkaðar. Þrjú rúmgóð svefnherbergi (möguleiki að bæta við herbergi). Stofa/borðstofa, sólstofa, eldhús, tvö baðherbergi, geymsla, þvottahús og bílskúr. Heitur pottur er á verönd við húsið. Skipt var um flesta glugga á efri hæð 2017 auk sólstofu. Nýr þakkantur 2022. ■

Neðri hæð:

- **Forstofa:** Komið er inn í rúmgóða forstofu með nýjum flisum á gólfi og góðum fataskáp.
- **Gestasalerni:** Með nýjum flisum á gólfi, nýlegu salerni og nettri nýlegri innréttingu.
- **Stofa:** Falleg og björt stofa með parketi á gólfi.
- **Borðstofa:** Borðstofa er rúmgóð og björt milli stofu og eldhúss. Parket er á gólfi. Inn af borðstofu er sólstofa með náttúrusteini á gólfi og útgengi frá henni í garð. Heildarendurnýjun á eldhúsi 2020. Gluggar ofan við vask sem snúa út í bakgarð. Útgengi frá eldhúsi út í bakgarð.
- **Þvottahús:** Þvottaherbergið er rúmgott með nýlegri innréttingu með vaski og flisum á gólfi.

Efri hæð:

- **Hol:** Þegar komið er upp á efri hæðina er komið inn að stóru og björtu holi. Góð lofthæð er í rýminu. Þakgluggar. Parket á gólfi.



Stofan er björt og rúmgóð.



Eldhúsið er uppert.

- **Hjónaherbergi:** 15 fm, með parketi á gólfi.
- **Barnaherbergi I:** 14 fm, með parketi á gólfi og góðum fataskáp.
- **Barnaherbergi II:** 10 fm, með parketi á gólfi og góðum fataskáp.
- **Baðherbergi:** Baðherbergið með baðkari og nýlegum sturtuklefa og nýlegu salerni. Flísar á gólfi og hluta veggja. Nýleg innrétting.
- **Bílskúr:** Bílskúrin er 28 fm. Upphitaður bílskúr með nýrri

rafdrifinni hurð og aðgengi að heitu og köldu vatni.

Lóð:

■ Hellulagt er að aðalinngangi. Fyrir aftan húsið er stór og glæsileg timburverönd með heitum potti, sólskáli með rafmagnshitara í lofti og sér garðskúr.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigríður Lind Eyglóardóttir, löggiltur fasteignasali. sigridur.lind@heimili.is / 8994703.



Leita að um
200 fm raðhúsi
í 103 Háaleitis og
Bústaðahverfi

Nánari upplýsingar:

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



HÓTEL OG VEITINGARHÚS Á AUSTURLANDI 72 HERBERGI

Heildar gistimagn fyrir um 130 manns -
veitingar í sæt samtals 110.
Skemmtistaður fyrri 150 manns.

Búðareyri 6 Hótel og veitingarhús,
Búðargata 2 Mótelbygging,
Búðargata 4 ,Veitingarhús og gistiheimili.
Búðargata 6 Salur og bar.
Búðareyri 6 Hótel og veitingarhús

Ævar Dungal
Löggiltur fasteignasali
Framkvæmdastjóri

dungal@aves.is
s. 897 6060



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár



HAGVANGUR

hagvangur.is



LANDMARK FASTEIGNAMIDLUN

Hlíðasmára 2 • 201 Kópavogi • Sími: 512 4900 • www.landmark.is • landmark@landmark.is

Pórarinn Thorarensen
lögg. Fasteignasali
s. 770-0309
th@landmark.is



Brúarfljót 5



216 fm. lðnaðarhúsnæði. Mikil lofthæð

Afhendist fullbúið á byggingarstigi 7, malbikuð og afgirt lóð með
öryggishliðum

Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan og á gaffli

Afar auðvelt og hagkvæmt að bæta við millilofti

Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m

Afhending júní 2022

V. 81,9 millj.

Suðurlandsbraut 4




Verslunar og þjónustuhúsnæði

346,9 fm. húsnæði á jarðhæð með séringang. Vörulyfta baka til
Getur nýst vel undir verslun eða hverskonar þjónusturekstur.

Hægt að vera með veitingarekstur. Bílastæði á lokuðu bílapani baka til
Laust 1. sept. 2022

V. 135 millj.

Brúarfljót 5



TIL LEIGU EINKAR VANDUÐ ATVINNUBIL Á FRÁBÆRUM STAÐ

Stærð 158 fm. Þar af milliloft ca. 50 fm. Lofthæð allt að 7,2 m.

Malbikuð og afgirt lóð með öryggishliðum.

Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan

Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m

Laust 15. júní 2022.

V. 325.000 kr. + vsk.

Tunguháls 8



Atvinnuhúsnæði sem er 728,8 fm.

Eignin skiptist í ca. 660 m2 jarðhæð og ca. 70 m2 á 2. hæð

Lofthæð er allt að 7,5 metrar.

Innkeyrsludyr um 3,8 m. á hæð.

Frábær staðsetning!

Gott útsvæði. Laust 1. Okt. 2022

V. 230 millj.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elin D.
Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Háteigsvegur 14 – Glæsileg 4ra - 5 herbergja hæð.



Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Mjög falleg og aðlaðandi 143,2 fermetra 5 herbergja hæð á frábærum stað við Háteigsveg í Reykjavík.
- Hæðin er rúmgóð með stórum herbergjum og stóru holi. Aukin lofthæð er í íbúðinni. Tvennar svalir, til suðurs og vesturs.
- Árið 2021 var íbúðin tekin í gegn. Sett var nýtt eldhús með nýjum tækjum, nýtt baðherbergi og ný tæki.
- Árið 2020-2021 var húsið allt sprunguviðgert og steinað, skipt var um gler í öllum gluggum íbúðar, sett var nýtt járn á þakið.
- Þetta er skemmtileg eign sem kemur á óvart. Mælum með þessari.

Langamyri 7 - Garðabæ.



- Fallegt og þó nokkuð endurnýjað 219,1 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 32,0 fermetra sérstæðum bílskúr við Löngumyri í Garðabæ.
- 714,0 fermetra afgirt og skjólsæl lóð með um 100,0 fermetra nýlegri viðverönd til suðurs með heitum potti.
- Rúmgóðar og bjartar samliggjandi stofur. Nýlegar innréttingar eru í eldhúsi. Fataherbergi innan hjónaherbergi og einnig innan þvottaherbergi. Fjölskyldurými/sjónvarpsstofa á efri hæð. Húsið var málað að utan árið 2020.
- Eignin er virkilega vel staðsett á rölegum stað mjög miðsvæðis í Garðabæ.

Verð Verð 148,9 millj.

Strikið 2-12 – Garðabæ 3ja herbergja íbúð með suðursvölum óskast fyrir traustan kaupanda. Einbýlishús í Mýrum í Garðabæ – Einbýlishús í Skerjafirði – Leitið upplýsinga hjá okkur

Kleppsvegur 6. 3ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.



- Einstökk útsýnisíbúð á 8. hæð, efstu hæð, í nývígðri og máluðu fjölbýlishúsi með lyftu við Kleppsveg í Reykjavík. Skipt var einnig um alla glugga og allt gler í húsinu auk svalahurða.
- Íbúðin er 3ja herbergja 84,5 fermetrar auk 6,5 fermetra sérgeymslu í kjallara. Aðeins tvær íbúðir eru á hæðinni.
- Tvö rúmgóð svefnherbergi. Þvottastaða á baðherbergi.
- Útsýni frá eigninni til norðurs, suðurs og vesturs er óviðjafnanlegt. Svalir til suðurs með viðarklæddu gófi. Á stígapalli fyrir framan íbúðina er lítil geymsla / fataherbergi, sem tilheyrir íbúðinni. Sameign hússins er öll mjög snyrtileg og vel umgengin.

Verð 63,9 millj.

Engjateigur 17-19. 4ra herbergja íbúð með sérinngangi.



Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virkilega fallega, björt og vel skipulögð 4ra herbergja 109,9 fermetra íbúð á tveimur hæðum að meðtöldri sér geymslu í Listhúsinu við Engjateig 17 í Reykjavík.
- Mikil hellulögð suður verönd er fyrir framan inngang íbúðar.
- Rúmgóð björt stofa með stórum glugga til norðurs sem nær inn á þak og veitir skemmtilega birtu inn í rýmið. Eldhús opið við borðstofu og með útsýni yfir stofu neðri hæðar er parketlagt.
- Verulega aukin lofthæð er í stofu og innfelld lýsing í loftum. Aukin lofthæð er einnig í hluta efri hæðar eignarinnar og innfelld lýsing í loftum.
- Frábært útsýni úr stofu yfir Ásmundarsafn. Örstutt er að fallegum gönguleiðum í Laugardalnum, í Laugardalslaug, líkamsræktarstöð og alla þjónustu.

Verð 76,9 millj.

**Parft þú að stækka eða minnka við þig
en finnur ekki réttu eignina ?**

Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta



Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Garðastræti 42

101 Reykjavík

Fallegt, vel skipulagt og mikið endunýjað 270 fm einbýlishús á 3 hæðum

- Skiptist í hol, tvær stofur, borðstofu og eldhús á miðhæð.
- Fjögur svefnherbergi og baðherbergi á efstu hæð.
- Þrjú rúmgóð herbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu á jarðhæð.



PANTIÐ SKOÐUN
í síma 899 5856 eða 695 5520

Verð: 250 millj.



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



VÆNTANLEGT Í SÖLU

Skógarvegur

Glæsileg 79,4 fm íbúð á 3. hæð með suðursvölum í Fossvogsdal

BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 845 8958

Verð: 73,5 millj.

- Stofa rúmgóð og björt með útgengi á svalir.
- Eldhús með eyju sem er opið inn í stofu.
- Innaf eldhúsi er þvottahús/búr og geymsla 6,1 fm
- Hjónasvita með fataherbergi og baðherbergi.

Nánari upplýsingar:

s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU

Kuggavogur 7 - íb. 213

Glæsileg, vel skipulögð 102,9 fm, 3ja herb. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi, með sjávarútsýni

BÓKIÐ SKOÐUN
HJÁ SÖLUMÖNNUM

Verð: 85,9 millj.

- 2 svefnherbergi bæði með fataskápum
- Vandaðar innréttingar og vönduð heimilistækni
- Dýrahal er leyfilegt. Sérílastæði í bílakjallara

Nánari upplýsingar:

s. 8993090 **Elín Alfredsdóttir** löggiltur fasteignasali
s. 625 2500 **Ámi Davíð Bergs** aðst. fasteignasala



NÝTT Í SÖLU

Réttarháls 3

Nesjar - Þingvellir. Sumarhús með frábæru útsýni yfir Þingvallavatn

BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Verð: 39,9 millj.

- Einstaklega vel staðsett á afar skjólsælu landi umvafið fallegum trjám
- Eignin er um 50 fm og stendur framarlega í lóð og nýtur útsýnis.

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Goðatún 20

Vel skipulagt 217 fm einbýli á einni hæð, innst í botnlanga


BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Verð: 127,5 millj.

- 6 svefnherbergi, 3 baðherbergi
- Heitur pottur. Skjólsgóðar verandir.
- Baðhús/geymsla ca 15 fm hjá heita pottinum á baklóð
- Aukaíbúð í bílskúr

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Boðaping 2

144 fm fjögurra herb. enda íbúð á annari hæð

BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 691 2312

Verð: 84,9 millj.

- Þrjú svefnherbergi
- Baðkar og sturta í baðherbergi
- Þvottahús innan íbúðar
- Stórar suð-austur svalir og bílastæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:

s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** aðst. fasteignasala
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



Hörðukór 1

Glæsileg, 3ja herbergja 98,3 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi

BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Verð: 66,9 millj.

- Tvö svefnherbergin
- Þvottaherbergi innan íbúðar. Sér 7,8 fm geymsla
- Lokaðar yfirbyggðar suður svalir með góðu útsýni
- Laus fjótlega

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝBYGGING

Vesturbakki 3 og 5

65 fm geymsluhúsnæði á besta stað við höfnina

BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 691 2312

Verð: 19,7 millj.

- Með innkeyslu og gönguhúrd
- Malbikað plan umhverfis húsin
- Skiptist í 12, 65 fm einingar
- Afhendist í ágúst 2022

Nánari upplýsingar:

s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** aðst. fasteignasala
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



Hofakur 1 - íb. 103

Glæsileg 3ja herbergja 118,9 fm íbúð á 1. hæð með stæði í bílageymslu

BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 832 3200

Verð: 84,9 millj.

- Stórt eldhús opið inn í stofu
- Tvö svefnherbergi, þvottahús innan íbúðar. Geymsla í kjallara
- Yfirbyggðar svalir og séráfnótaréttur út úr stofu

Nánari upplýsingar:

s. 832 3200 **Ómar Hvanndal** hdl. og aðst. fasteignasali
s. 691 1931 **Óskar H. Bjarnasen** löggiltur fasteignasali



Vindakór 5-7 - íb. 203

Góð 128,8 fm íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi

BÓKIÐ SKOÐUN
HJÁ SÖLUMÖNNUM

Verð: 73,9 millj.

- Íbúðin er fallega innréttuð
- Þrjú svefnherbergi
- Svalainngangur, 14,8 fm geymsla
- Stæði í bílakjallara. Stutt í alla þjónustu

Nánari upplýsingar:

s. 770 0500 **Íris Anna Geirsdóttir** aðst. fasteignasala
s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Vatnsstígur 18

101 Reykjavík

Glæsileg 176 fm íbúð á 11. hæð í Skugganum m. stæði í bílageymslu

- Íbúðin er einstök er varðar staðsetningu innanhúss þar sem útsýni er einstakt til suðurs af svölum yfir bæinn og einnig til vesturs og norðurs yfir Faxaflóann úr stofu.
- Vandað hefur verið sérstaklega til hönnunar, efnisvals og vinnu.
- Rut Káradóttir sá um hönnun.
- Einstök eign.


Verð: **250 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is




Þróstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

PANTÍÐ SKOÐUN
í síma **775 1515** eða **897 0634**



NÝTT Í SÖLU



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma **775 1515**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Mýrargata 26

101 Reykjavík - íb. 411

Glæsileg 2ja herbergja íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi auk stæðis í bílageymslu

- Skráð 86,8 fm að stærð
- Skiptist í anddyri, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi með þvottahúsi innaf
- Sérgeymsla í kjallara
- Aukin lofthæð 2,74 m
- Gólfhitakerfi
- Suðurvalir

Verð: **83,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Gunnari í síma **899 5856**



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Borgargerði 4

108 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 131,2 fm 5 herbergja útsýnishæð

- Skiptist í stigapall, hol, herbergisgang með 2 herbergjum og tveimur baðherbergjum, stofu, borðstofu með litlu herbergi innaf, eldhús og þvottahús.
- Í kjallara fylgir geymsla sem er ekki inni fermetratölu

Verð: **84,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Gunnari í síma **899 5856**

Víðimelur 32

107 Reykjavík

Heil húseign 288 fm við Víðimel


- Samanstendur af **tveimur 3ja herb. 74 fm** íbúðum á 1. og 2. hæð.
- **4ra herbergja 55,8 fm** íbúð í kjallara
- **26 fm stúdíóíbúð** í bílskúr.
- **35 fm bakhúsi** sem búið er að útbúa sem 2ja herbergja íbúð.
- Allar einingar í húsinu eru í langtíma útleigu með góðum leigutekjum.
- Þvottaaðstaða er í öllum einingum.
- Væri einnig hægt að breyta í rúmgtott fjölskylduhúsnæði.

Verð: **Tilboð**



Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

OPIÐ HÚS

í dag þriðjudag
17. maí
kl. 18.00 - 18.15

Gefjunarbrunn 15

113 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð, ný 110,8 fm neðri sérhæð í grónu hverfi í Úlfarsárdal

- Þrjú góð svefnherbergi
- Fallegar innréttingar og vönduð tæki
- Sérarafnotaréttur og pallur
- Laus við kaupsmning

Verð: **83,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



Frjólfjón Ó. Magnússon
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704
frjolfjon@miklaborg.is

OPIÐ HÚS

fimmtudaginn
19. maí
kl. 17.00 - 17.30

Bjarnarstígur 7

101 Reykjavík

Bört og vel skipulögð 3ja herbergja 49,80 fm risíbúð með svölum

- Tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og stofa/borðstofa þar sem útgengt er á svalir
- Geymsla í kjallara 1,3 fm
- Sameiginlegu þvottahúsi
- Gólfhlötur ca. 62,6 fm

Verð: **47 millj.**

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna til sölu, hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -




Sinum viðhaldinu saman og
notum öruggar lausnir við framkvæmdir

Vinnupallar • Smiðsbúð 10 • s. 7879933 • vpallar.is • vpallar@vpallar.is

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

TIL SÖLU

Á BESTA STAÐ Í REYKJAVÍK

ÞÓRSGATA 24-28

Alls um 1.770 m²



GISTIHEIMILIÐ

- Gisting fyrir 90 manns
- 8 sameiginleg eldhús
- 11 sameiginleg baðherbergi
- Gestamóttaka, eldhús, þvottahús og morgunverðarsalur
- Marmari á stigagöngum
- Alls 1.567,8 m²

ÞAKÍBÚÐIN

- Íbúðin er 201,7 m²
- Björt og opin
- Steinflísar og parket á gólfum
- Svalir eru 127 m² með stórkostlegu 360° útsýni

TÆKIFÆRI

- Sterk viðskiptasambönd
- Frábærar umsagnir á bókunarsíðum
- Óviðjafnanleg staðsetning efst á Skólavörðuholtinu
- Byggt sem íbúðarhús og því auðvelt að breyta í íbúðir

Nánari upplýsingar veitir
Centra fyrirtækjaráðgjöf:

Sigurður Harðarson: 892-6200 | sig@centra.is Kristján Arason: 660-3305 | kristjan@centra.is



Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. maí 2022, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2022 og önnur gjaldfallin álöggð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. maí 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatranssóknarstjóra, ógreiddri uppbót á eftirlaun, ógreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álöggðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ógreiddar barnabætur og ógreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. maí 2022

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR



LOFTVIFTUR

Dreifðu varmanum betur

Jafnara hitastig
Lægri kyndikostnaður
Betri loftgæði



Sjáðu úrvalið www.viftur.is



Loftviftur spara orku með því að jafna hitastigið. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður. Á sumrin kæla vifturnar.

LOFTRÆSTING FYRIR SÉRBYLI



HLJÓÐLÁTIR BLÁSARAR



100 HRADAR ÖFLUGAR



LAVADA



Verð:
39.990 kr

JET I



Verð:
20.768 kr.

TURBO SWIRL



Verð:
21.101 kr

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

Íshúsið
S: 566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is

Kerfið á að laga sig að einstaklingunum

Geðhjálp vinnur að fjölda verkefna sem miða að því að bæta geðheilsu landsmanna og hag þeirra sem glíma við geðrænar áskoranir. Þar eru vonir bundnar við að geðheilbrigðisþjónusta verði notendavænni með því að setja einstaklinga í fyrsta sæti og láta kerfið laga sig að þeim, ekki öfugt.

„Geðhjálp hefur starfað síðan árið 1979, þegar aðstandendur fólks með geðrænar áskoranir og fagfólk tók sig saman og stofnaði samtökin,“ segir Elín Ebba Ásmundsdóttir, varaformaður Geðhjálp. „Við erum framsækin í vinnubrögðum og fyrir örfáum árum settum við upp nýja aðgerðaáætlun til að bæta geðheilsu landsmanna. Við förum svo reglulega yfir hana og berum verkefni saman við hana til að sjá hvaða markmiðum hefur verið náð og hvar þarf að gera betur.“

Alls kyns verkefni til að bæta geðheilbrigði

„Geðhjálp vinnur að mörgum verkefnum, en það sem mér finnst kannski merkilegast núna er Geðlestin, sem er verkefni sem hefur verið unnið í samstarfi við Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og er styrkt af félags- og heilbrigðisráðuneytinum,“ segir Elín Ebba. „Við höfum fengið marga



Elín Ebba Ásmundsdóttir, varaformaður Geðhjálp, vonast til að geðheilbrigðisþjónusta á Íslandi verði notendavænni í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Einstaklingurinn á að vera í fyrirrúmi og kerfið að aðlaga sig honum, ekki öfugt. Við bindum miklar vonir við að notandinn verði settur á oddinn og þannig breytist þjónustan hér á landi.“

styrktaraðila fyrir verkefni okkar, sem gefur okkur miklu meiri kraft og þeim ber að þakka.

Stuðningurinn skiptir öllu.

Geðlestin er búin að fara í 8.-10. bekk í yfir 100 grunnskólum um allt land og tala um hvað geðheilsan er ekkert frábrugðin líkamlegri heilsu. Við getum öll lent í að veikjast á geði rétt eins og líkamlega. Það eru til ýmis verkfæri til að hlúa að geðheilsu, rétt eins og líkamlegri, og þetta er ekki aðskilið,“ útskýrir Elín Ebba. „Ef fólk sinnir ekki líkamlegri heilsu með hreyfingu, góðum svefni og

góðu mataræði fer geðheilsan líka.

Geðhjálp setti líka á fót styrktarsjóð geðheilbrigðis. Fyrsta úthlutun var í fyrri og styrkir verkefni sem tengjast aðgerðaáætluninni. Þar erum við að leggja áherslu á forvarnir og að skoða orsakir fyrir geðrænum áskorunum,“ segir Elín Ebba. „Við höfum líka sett á oddinn að skapa störf fyrir fólk sem hefur dottið af vinnunum svo það geti nýtt þekkingu og reynslu sína, en við höfum verið aftarlega á merinni hér á landi þegar kemur að atvinnuþátttöku fólks með geðrænar áskoranir.

Síðustu tvö ár höfum við líka verið með G-vítamín verkefnið á þorranum, þar sem við gefum fólki hugmyndir um verkfæri til að efla geðheilsu,“ segir Elín Ebba. „Svo er Geðhjálp að fylgjast með öllum lagafrumvörpum og bregðast við þeim. Við erum með fulltrúa í alls kyns nefndum og ráðum og nú er til dæmis verið að gera drög að aðgerðaáætlun 2022–2025 í geðheilbrigðismálum þar sem formaðurinn er okkar fulltrúi. Þar eru lagðar línur fyrir það sem á að leggja áherslu á næstu árin, með von um meiri áherslu á notendur, að þeir hafi áhrif á þróun málaflöksins og að skapa fleiri störf fyrir þá.“

Notendur eiga að vera í fyrirrúmi

„Í lok mars fór tíu manna hópur fagfólks af ýmsum sviðum geðheil-

brigðisþjónustu í ferð til Noregs og Danmerkur sem Geðhjálp sá um og skipulagði. Markmiðið var að kynna sér starfsemi þar til að átta okkur á því sem þarf að leggja meiri áherslu á hér heima. Þar kynntumst við alls kyns ólíkum nálgunum, svo sem lyfjalasri geðdeild, og sáum mörg flott verkefni sem notendur höfðu komið á kopp eða krafist,“ segir Elín Ebba. „Þar virðast notendur vera meira í fyrirrúmi og þjónustan og fræðslan meira á jafningjagrundvelli.

Það á að vera hægt að leita til fólks sem hefur reynslu af því að þurfa aðstoð og þannig nálgun gefur notendur mun fleiri atvinnutækifæri,“ segir Elín Ebba. „Þar er líka ekki bara litið til þess að sérfræðingar séu í forgrunni í tengslum við bata fólks heldur er allt nærsamfélagið virkjað til að styðja við fólk sem glímur við geðrænar áskoranir, enda eru þær ekki bara vandamál einstaklingsins, heldur verða þau til í samspili við umhverfið. Einstaklingurinn á að vera í fyrirrúmi og kerfið að aðlaga sig honum, ekki öfugt.“

Við bindum miklar vonir við að notandinn verði settur á oddinn og þannig breytist þjónustan hér á landi,“ segir Elín Ebba. „Þekkingin á því hvernig hægt er að rækta geðheilsu er líka orðin mun almennari. Við sem samfélag berum öll ábyrgð á því og viðhald geðheilsu er stöðug vinna.“ ■

Frábært starf hjá Kaldbaki á Akureyri

Kiwanisklúbburinn Kaldbakur var stofnaður á Akureyri árið 1968 og hefur starfað óslitið í 54 ár. Að sjálfsögðu hefur klúbburinn tekið þátt í öllum K-dögum sem haldnir hafa verið frá árinu 1974 þegar fyrsti K-dagurinn var haldinn.

„Það skiptast á skin og skúrir í svona klúbbastarfsemi eins og gengur en ávallt hefur verið góð stemning í kringum K-dagana. Hluti af afrakstri sölnunar á K-lyklinum hefur nokkrum sinnum komið til Akureyrar, til dæmis til Lautarinnar, Geðdeildar sjúkrá-hússins, þjálfunarstöðvar og endurbyggingar áfangahéimilis á Álfbýggð 4 á Akureyri og fleira sem mætti telja hér,“ segir Kristinn Örn Jónsson, einn félaganna og bætir við að Kaldbakur hafi ljáð Pieta samtökunum afnot af félagsheimili sínu til fundahalda þeirra.

„Við þekkjum vel til þeirra samtaka og munu þau njóta stuðnings hreyfingarinnar í ár til að byggja upp sína starfsemi á landsbyggðinni. Það verkefni sem er okkur kært og langstærst í sniðum er endurbygging Álfabyggðar 4 sem var áfangastadir þeirra sem voru að koma af geðdeild og voru að komast út á vinnunum áftur. Það var það stórt verkefni að skipta þurfti því á tvo K-daga. Þetta er þriggja hæða hús og í fyrsta skiptið voru tvær efri hæðirnar teknar í gegn og eftir síðari söfnunina var neðsta hæðin endurgerð og húsið málað að utan. Þetta verkefni var okkur Kaldbaksfélögum mikil hvatning til að vinna vel við sölu K-lykilsins og við fundum strax að viðtökur Norðlendinga voru mjög góðar þar sem stór hluti söfnunarinnar kom í heimabyggð,“ segir Kristinn Örn.

Öflugir sölumenn

„Okkur langar að segja frá stemningunni sem myndast á þessum



Það var árið 1991 sem við gafum öllum sjö ára börnum á Akureyri hjálma í fyrsta skipti.

tíma. Þetta byrjaði í bílskúr eins félagsins þegar skipulagning hófst og lyklum sem voru barmmerki þá var skipt í poka. Á þessum tíma átti Kaldbakur ekki húsnæði en góður bílasali og velunnari klúbbsins rýmdi sýningarsalinn og lánaði okkur hann endurgjaldslaust til afnota frá fimmtudagskvöldi til sunnudags. Síðan hófst salan. Hver félagi fékk úthlutað hverfi til húsasölu sem fór fram á kvöldin en síðan stóðu Kaldbaksfélagar vaktina við stórmarkaði og aðrar vinsælar búðir. Allt gekk þetta vel fyrir sig og allir í góðu stuði og þegar komið var í hús á laugardagskvöldið sagði einn félaginn: „Strákar, við eigum eftir Svalbarðsströndina og Grenivík,““ segir

Kristinn Örn og bætir við:

„Undirtektirnar voru á þann veg þótt flestir væru búnir að fá nóg og þetta var ekkert mál. Nokkrir félagar fóru um kvöldið á svæðið og seldu vel meðal annars vegna þess að fyrstavetrardagsball var á Grenivík og margir komnir í girinn til að fara á ballið og tóku vel á móti okkur. Varla voru félagar búnir að nudda stírnar úr augunum morguninn eftir þegar símhringing glumdi við og forseti klúbbsins tjáði mönnum að eftir væri að selja í sveitunum innan Akureyrar. Svarið hjá þeim sem leitað var til var eins og áður „ekkert mál.“

Á þessum árum voru greiðslukort lítið notuð og það var ekki leiðinlegt þegar við á mánudagsmorgni fórum í bankann með nokkra poka fulla af peningum. Þarna hafði þessi eini klúbbur selt K-lykilinn við allar stærstu verslanir á Akureyri, gengið í öll hús á staðnum og sveitirnar í kring. Það þarf líklega ekki að taka það fram að Kaldbaksmenn voru langsöluhæstir á landinu að þessu sinni. Þessi frásögn sýnir hve mikið er hægt að gera þegar kynning er

Kiwanisklúbburinn Kaldbakur átti frumkvæði að því að gefa börnum hjálma. MYND/AÐSEND

gód fyrir gott málefni og stemning myndast í hópnum,“ segir Kristinn Örn.

Gáfu börnum hjálma

„Kiwanisklúbbur koma að ýmsum góðum málum en það sem við Kaldbaksmenn erum stoltastir af er að við vorum frumkvöðlar að því að sjö ára börn fengu gefins reidhjóláhlálma. Það var árið 1991 sem við gafum öllum sjö ára börnum á Akureyri hjálma. Fyrstu árin keyrðum við hjálmana heim til barnanna en síðan þróaðist þetta í að haldinn er hjálmadagur við félagsheimili okkar og eru þá grillaðar pylsur og gert eitthvað skemmtilegt.

Þá erum við með happdrætti þar sem ein stúlka og einn drengur fá ný reidhjóli í vinning. Fljótlega spurðist þetta verkefni út og nágrannaklúbbur okkar tóku þetta upp og voru með í þöntun á hjálmanum. Síðan bættust við klúbbur víða á landinu og þá fór af stað umræða hvort ekki ætti að gera þetta að landsverkefni Kiwanis. Ekki varð af því fyrr en árið 2004 að Kiwanis fékk Flytjanda-Eimskip í lið með sér og hafa þeir

verið styrktaraðilar verkefnisins síðan. Gríðarlega gott verkefni.

Fundur á Kaldbaki

Þegar Kaldbakur varð 30 ára kom upp hugmynd um að halda fund á toppi fjallsins sem klúbburinn heitir eftir. Þetta var rétt fram og aftur og á endanum ákveðið að gera þetta laugardaginn fyrir páska. Sömuleiðis var ákveðið að ekki yrði farið nema veður og skyggni væri gott. Viðmiðið var að ef ekki sæst í toppinn á Kaldbaki klukkan 9 að morgni þá færur við ekki. Föstudaginn langa snjóaði stanslaust allan daginn þannig að útlitið var ekki gott. Á laugardagsmorgninum voru félagar snemma á fótum og mun bjartara var en daginn áður. Ekki sást í toppinn á Kaldbaki. En víti menn, rétt fyrir tilsettan tíma birtu upp og Kaldbakur blasti við. Var nú þéyst út á Grenivík með marga vélsleða og lagt til atlögu við fjallið. Er skemmst frá því að segja að veðurbliðan var einstök allan daginn og var fundurinn haldinn undir berum himni og var þetta hin mesta ævintýraför. Alls voru 25 manns sem fóru í ferðina.

Það að vera í Kiwanis er ekki bara að safna peningum til góðra málefna. Félagsskapurinn heldur vel saman. Við í Kaldbak fundum reglulega og heimsækjum aðra klúbba á svæðinu. Við stöndum fyrir og sækjum viðburði af ýmsum toga með fjölskyldum okkar. Mú þar nefna útivistarhelgi að vetri, förum í leikhús og höldum jólatrésagnað fyrir börnin. Þá er stór fjölskylduátt árlaga þar sem fjölskyldur allra Kiwanismanna á Norður- og Norðausturlandi hittast og eiga góða helgi saman.

Kaldbaksfélagar þakka öllum sem hafa lagt klúbbnum lið á liðnum árum, hvort sem það er við K-dagsverkefni eða annað. Við hvetjum alla landsmenn til að taka vel á móti K-lykils sölu fólki okkar og styrkja þar með gott málefni.“ ■

Öflugt starf á Norðurlandi



Helgi Pálsson,
svæðisstjóri
Óðinssvæðis

Á Norðurlandi eru átta Kiwanisklúbbar og tilheyra Óðinssvæði í umdæminu Ísland-Færeyjar; Drangey á Sauðárkróki, Freyja á Sauðárkróki, Skjöldur á Siglufirði, Kaldbakur á Akureyri, Grímur í Grímsey, Skjálfandi á Húsavík, Herðubreið í Mývatnssveit og Askja í Vopnafirði.

Samtals telur svæðið 150 félaga. Ekki svo ýkja margir og nægt rými fyrir fleiri klúbba og félaga.

Félagar eru mjög virkir, sækja vel fundi og sinna fjárflyunarverkefnum vel. Standa fyrir ýmsum viðburðum og styrkjum í sínu nærsamfélagi og standa saman að fjármögnun tækja og búnaðar sem kemur svæðinu til góða sem og landinu öllu. Sem dæmi hafa klúbbar fjárfest í hjartastuðtækjum og komið fyrir á fjölförnum stöðum ásamt kaupum á gagnlegum búnaði til heilbrigðisstofnana á svæðinu. Helst er horft til þess að fjárfrahlög og gjafir komi börnum fyrst og fremst til góða. Þar liggja áherslur hreyfingarinnar.

Óðinssvæði fjármagnaði nýverid fullkominn heilalinurita sem vantaði mikið hjá rannsóknarstofu í lífeðlisfræði á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Tæki sem ekki hvað síst nýtist til greininga á flogaveiki hjá ungum börnum og til rannsókna á höfuðárverkum barna.

Rekstur klúbba er fjármagnadur með félagsgjöldum, það er fundaðstaða og greiðslur til



Mikil vinátta ríkir á milli félaga í Kiwanis og á Óðinssvæði mikil samheldni. Við erum dugleg að heimsækja aðra klúbba á svæðinu á fundi og höldum svæðisráðstefnur tvisvar á hverju starfsári.

umdæmis og heimsstjórnar. Allar fjáraflanir í nafni hreyfingarinnar fara í styrktarsjóði klúbba og þaðan til góðra verka.

Stærstu verkefni sem umdæmið

stendur að eru árleg afhending reiðhjólahljalma til barna sem eru að feta sin fyrstu skref ein og óstudd í umferðinni og sala K-lykils hvar ágóðinn rennur til geðheilsamála.

Geðræn vandamál hrjá marga og alloft er fólk tregt til þess að leita sér hjálpar sökum fordóma og þess að vera stimplað geðveikt. Ef einhver er sagður geðveikur þá er sá hinn sami oft afskrifaður með orðræðu sem gildur þegn í samfélaginu. En þannig er það ekki í raun og hefur Kiwanis stuðlað að bættri og opnari umræðu um þennan heilsufarsvanda. Sem betur fer erum við á réttri braut en betur má ef duga skal og enn er erfitt fyrir fólk að leita sér hjálpar

Hér eru fulltrúar klúbba á Óðinssvæði ásamt svæðisstjóra að mæta endurskinsvesti sem Drangey afhendir öllum sjö ára börnum í Húnavatnssýslum og Skagafirði. Tekið skal fram að þessi úrfærsla vesta er ætluð fullorðnum.

MYND/ÁÐSEND

og biðlistar langir í kerfinu. Að vera veill á geði er margslunginn sjúkdómur og birtingarmyndir margar. Greining er erfid en þekkingu fleygir fram til meðferðar og lækninga sem gerir sjúklingum kleift að lifa „eðlilegu“ lífi. Kiwanis leggur hönd á plóginn til hjálpar.

Við teljum að ungt fólk eigi fullt erindi í hreyfinguna. Rödd þeirra og sýn á lífið er framtíðin. Hugsjónin um að láta gott af sér leiða lifir á öllum aldri fólks. Við þurfum ungt fólk til liðs við okkur, meðalaldur er nokkuð hár en inni á milli ungr og kröftugir félagar.

Kiwanisklúbburinn Freyja er kvennaklúbbur á Sauðárkróki. Þær eru metnaðarfullar og vinna að stórkostlegu verkefni í sinni heimabyggð.

Það er gaman í Kiwanis

Mikil vinátta ríkir á milli félaga í Kiwanis og á Óðinssvæði mikil samheldni. Við erum dugleg að heimsækja aðra klúbba á svæðinu á fundi og höldum svæðisráðstefnur tvisvar á hverju starfsári. Stundum eru árshátíðir eða afmælisfagnaðir. Hápunktur er þó líkast til útilega, fjölskylduhátíð sem við höldum árlega sameiginlega eina helgi í lok júní. Þar koma saman Kiwanisfélagar af svæðinu ásamt mökum, börnum og barnabörnum. Farið er í leiki, grillað og haldin kvöldvaka með söng og gamanmálum. Félagar úr öðrum svæðum koma oft og eru ávallt velkomnir.

Kær Kiwaniskveðja. ■

"Sagan þín er ekki þúin..."



PIETA
SAMTÖKIN



Lykill að lífi

Kiwanisumdæmið Ísland - Færeyjar

**Kæru landsmenn.
Takið vel á móti sölufólki okkar.**



MIÐSTÖÐIN



GEISLI





Ólafur Jónsson
formaður hjálma-
nefndar Kiwanis-
umdæmisins
Ísland/Færeyjar

Hjálma verkefnið frá upphafi

Kiwanishreyfingin hefur í gegnum tíðina staðið að mörgum vel heppnuðum styrktarverkefnum á Íslandi. Flest hafa verið unnin í takt við aðalmarkmið heims-hreyfingarinnar, „Börnin fyrst og fremst“. Mörg verkefni hafa verið unnin í samvinnu við Evrópastjórn og öll stuðlað að því að bæta aðstæður og afkomu barna.

Það má segja að eitt öflugasta verkefni Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi frá upphafi sé gjafir á öryggishjálum/reiðhjólshjálum til 6-7 ára barna. Það verkefni hófst árið 1991 á Akureyri hjá Kiwanisklúbbum Kaldbak og var það félaginn Stefán Jónsson sem ruddi veginn og gefnir voru hjálmar í skóla á Akureyri það vor. Kiwanisklúbburinn Drangey kom svo að þessu árið eftir og síðan Kiwanisklúbburinn Ós á Höfn í Hornafirði og í kjölfarið fóru fleiri og fleiri klúbbar á landsbyggðinni að gera þetta líka.

Byrjaði á Akureyri

Verkefnið hafði verið rætt í Umdæmisstjórn um skeið og hafði Stefán Jónsson talað máli þess þar. Það var síðan á Umdæmisþingi haustið 2004 að þáverandi umdæmisstjóri, Sigurgeir Aðalgeirsson frá Kiwanisklúbbum Skjálfa á Húsavík, lagði þetta fyrir þingið og fékk samþykkt með naumum meirihluta að gera þetta að landsverkefni. Síðan þá hefur hreyfingin gefið öllum börnum í 1. bekk á hvert hjálm á höfuð og hafa þetta verið frá 3.500 hjálum og upp í 4.400 hjálma ár hvert og nú voru 2022 voru þetta rúmlega 4.400 hjálmar.

Í upphafi verkefnisins árið 1991 og þar á eftir fengu klúbbarnir hina ýmsu styrktaraðila til liðs

við sig og var oft örðugt að ná inn styrktaraðilum. Var þetta gert að landsverkefni voru 2005 en þá kom Eimskipafélag Íslands að verkefninu sem aðalstyrktaraðili og hefur það samstarf staðið óslitið síðan. Sigurgeir Aðalgeirsson, þá fráfarandi umdæmisstjóri, hafði haft veg og vanda af samningi við Eimskipafélagið. Það var ómetanlegur stuðningur sem Eimskip hefur staðið fyrir en á þessum 22 árum hefur félagið afhent Kiwanishreyfingunni tæplega 83.000 hjálma.

Í heildina hefur Kiwanis á Íslandi gefið nálægt 1/3 þjóðarinnar hjálma miðað við höfðatölu í dag, eða rúmlega 105.000 hjálma. Ef við gefum okkur að meðalverð á hjálmi uppreiknað til verðs í dag sé um 7.500 krónur, má áætla að Kiwanishreyfingin hafi sett milli 750 – 800 milljónir króna í þetta einstaka verkefni, fyrst með stuðningi fjölda fyrirtækja en þó einna helst Eimskipafélags Íslands.

Góður stuðningur frá Eimskip

Eimskipafélagið eitt og sér hefur staðið keikt við bakið á hreyfingunni í þessi 22 ár og erum við bæði afskaplega þakklát og stolt af þessu samstarfi.

Ég undirritaður er að ljúka mínu sjöunda ári sem formaður Hjálmanefndar Umdæmisins Ísland/Færeyjar. Mér til aðstoðar öll árin hef ég haft frábæra féлага sem fulltrúa hvers svæðis sem Kiwanis nær yfir og hafa þau sömu staðið með mér.

Það hefur einnig verið afar gaman að vinna með starfsfólki Eimskips og finna þann brennandi áhuga og ánægju sem þar hefur ríkt í að bæta öryggi barna á Íslandi. Þetta hefur verið nokkuð föst rúttina þar sem fjöldi barna í 1. bekk hvers skólaárs er kannadur að hausti og einnig í fjölda skóla á landsbyggðinni sem



Hér eru hamingjusamir krakkar á Ísafirði með hjálmana sína

MYND/ADSEND

Kiwanis þjónar ekki beint. Síðan er sú samantekt send Eimskip sem síðan sér um að útteila hjálum eftir þessu skjali og sér um að allir fái sitt.

Öryggi barna í fyrirrúmi

Kiwanisklúbbarnir um landið allt taka síðan við og sjá um afhendingu ýmist beint á höfuð barnanna eða með því að koma hjálmunum í skólana. Vorið 2015 kom upp ákveðið vandamál í skólum í Reykjavík þar sem skólaskrifstofa Reykjavíkur, með Dag B. Eggertsson og Skúla Helgason í broddi fylkingar, bannaði hreyfingunni að afhenda börnunum hjálmana í skólunum eða á skólalóðinni. Var þá brugðið á það ráð að fá foreldrafélögin til liðs við okkur til að koma hjálmunum til skila en það varð alltaf misbrestur á að allir fengu sinn hjálm. Það reyndust ekki allir skólar sem hlýddu þessari reglu og á nokkrum stöðum gátum við haldið upp-teknum hætt. Í dag er þetta hægt og hægt að færast í fyrra horf þar sem skólastjórnendur láta þessa tilskipun sem vind um eyru þjóta og horfa í það öryggi sem þessi gjöf veitir börnunum áður en haldið er út í umferðina. Mjög víða er efnt til grillveislna, fjölskylduskemmtunar eða annarra uppákoma við afhendingu hjálma til að lifga upp á þessa athöfn. Einhverjir klúbbar

standa einnig fyrir happdrætti þar sem ein stúlka og einn drengur fá gefins ný hjól. Þar hefur Kiwanisklúbburinn Kaldbakur á Akureyri með upphafsmann verkefnisins á Íslandi, Stefán Jónsson eða „Stebba hjálm“ eins og hann er kallaður, staðið hvað fremstur við hjólagjafir til barna á þeirra svæði.

Hjálmar til Grænlands og Kanada

Hreyfingin hefur einnig, ásamt Eimskip, staðið í ýmsum öðrum verkefnum þar sem börnum eru gefnir hjálmar og má nefna að flóttabörn og innflytjendur hafa einnig fengið hjálma og höfum við styrkt sérstakt verkefni hjá Rauða krossinum, Barnaheill í Reykjavíkurborg og fleiri félagasamtök með hjálum síðastliðin ár handa börnum sem ekki komast í tæri við þá í skólum eða hjá hreyfingunni. Svo höfum við gefið hjálma til barna á Grænlandi síðastliðin þrjú ár og nú er á döfinni að senda sérstaka sendingu af hjálum til Kanada, en þar á að afhenda íslenskættuðum sex til sjö ára börnum í Gimli hjálma á sérstökum Íslendingadegi í júní í sumar.

Aldrei verður ofmetið það aukna öryggi sem hjálmarnir veita og höfum við afar mörg dæmi þar sem hjálmur bjargaði lífi þess er í slysi lenti. Höfum við ávallt afhent þeim sem í sliku lendir nýjan hjálm með þökk í hjarta. ■

"Sagan þín er ekki þúin..."



Forseti Íslands tekur við fyrsta lyklinum úr hendi Péturs en Guðni er verndari söfnunarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Pétur Jökull Hákonarson
umdæmisstjóri

Dagur K-lykilsins.

Kæru landsmenn. Laugardaginn 21. maí næstkomandi fer aðalsöfnunaráttak Kiwanisfélaga um allt land af stað. Að því tilefni seljum við K-lykilinn og barmmerki Kiwanis til styrktar geðheilbrigðismálum. Ég bið því alla að taka vel á móti sölufólki okkar og munum við gera okkar besta til að vera sýnileg um land allt um helgina. Kiwanisklúbbar landsins taka allir þátt í þessu nauðsynlega verkefni til hjálpar geðheilbrigðismálum.

Það er búin að vera mikil vinna að undirbúningi þessa verkefnis. Við færðum forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, fyrsta K-lykilinn að Bessastöðum og þar fengum við höfðinglegar móttökur. Forseti Íslands er verndari K-lykilsins.

Það er mikið í húfi að vel takist til með söluna, því innkoma sölunnar rennur til mikilvægs málefnis sem var áður fyrr falinn sjúkdómur en er orðinn sýnilegri í dag. Með okkar aðstoð komust Pieta samtökin af stað og eru þau orðin mjög öflug samtök í geðheilbrigðismálum.

Einnig höfum við styrkt starfsemi BUGL.

Fyrir tilstuðlan Kiwanishreyfingarinnar hafa geðheilbrigðismálin orðið sýnilegri en áður fyrr. Við hvetjum alla landsmenn til að styrkja þetta mikilvæga málefni með því að kaupa K-lykilinn eða barmmerki Kiwanis.

F.h. Kiwanishreyfingarinnar Ísland – Færeyjar. ■

A photograph of an outdoor dining set on a patio. The set includes a square wooden table with a dark metal frame and four light-colored wicker chairs. Two small potted plants with red flowers are on the table. The patio floor is made of large, light-colored tiles. The background is a dark grey wall with vertical slats.

ÚTI FLÍSADAGAR

ÚTIFÍÐSAR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Tilboðsverð
6.990.-
Pr.fm

MIKIÐ
ÚRVAL
Á LAGER

VIÐHALDSFRÍAR - AUÐVELT AÐ LEGGJA - ENDINGARGÓÐAR

 **ALFABORG**
- allt a gólfíð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Bílar & Farartæki


AÐALKAUP

TRÉVIRKI



NÝR TOYOTA PROACE CITY DÍSEL (VSK)

TOYOTA PROACE CITY. Diesel, beinskíptur. Verð aðeins kr.3.477.000- án vsk. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, Skeifunni 3c. Til afhendingar strax! Endilega hringið og bókið skoðunartíma s:888-3715. Rnr.120686.



NÝR LEXUS LUXURY RAFMAGNS Á 7.977Þ!!!

LEXUS UX300e LUXURY. Árgærd 2022, 100% rafmagn með 317km drægni, 50kWh rafhlöðu. Hlaðinn aukabúnaði, t.d. leiðsögukerfi, 360° myndavél, leður, 18" álfelgur o.fl. o.fl. Sjálfskíptur. Verð aðeins kr.7.977.000- Rnr.120701. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c. s:888-3715. Til afhendingar strax! Eigum líka til einn grán!

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

VEIDIÞORTID

Stærðir:
270cm-500cm
Verð frá:
149.000.kr



SAILSKI®
Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

MARÁS

TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK
GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalittir Hjólóláttir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 659 2323 og 790 9021

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtals- aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Spádómar

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

· SPÁÍ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
· HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi



myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 108. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 892 3341

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur af mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Skipulagsauglýsingar



VESTURBYGGÐ

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar breytingar á eftirfarandi deiliskipulagstíllögum:

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Patreksfirði.

Breytingin gengur út á að skilgreindar eru fjórar nýjar lóðir undir athafnastarfsemi á nyrsta hluta svæðisins við Bjarkargötu. Til viðbótar eru skipulagsmörk breytt frá Bjarkargötu að Þórsögötu.

Breyting á deiliskipulagi Bíldudalshafnar

Bætt er við sex nýjum lóðum, Strandgata 14A-Strandgata 14e og Hafnarteigur 4a sem eru staðsettar á fyllingu norður af núverandi hafnarsvæði. Einnig er gerð breyting á stærð tveggja lóða, Strandgötu 10-12 og Hafnarteigs 4. Skipulagssvæði stækkar einnig til norðurs.

Krosseyri í Geirþjófsfirði-Deiliskipulag fyrir heilsusetur

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu heilsuseturs þar sem skilgreindir eru átta byggingarreitir en skipulagssvæðið er 4,2 ha að stærð. Lögð er áhersla á vistvæna hönnun.

Tillögurnar munu liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 17. maí til 28. júní 2022 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 28. júní 2022. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst breytingar á eftirfarandi deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi íbúðabyggðar og ofanflóðavarnargarða Urðir-Mýrar

Breytingin er tvíþætt. Annars vegar breyting á skipulagsmörkum við Bjarkargötu að Þórsögötu þar sem mörkunum er breytt til samræmis við breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Patreksfirði. Hins vegar breyting á lóðamörkum Strandgötu 17a.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 18. júní 2022. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Opið hús verður um tillögurnar og verður það haldið í ráðhúsi Vesturbyggðar, Aðalstræti 75 á Patreksfirði, þann 18. maí frá kl. 15:00-17:00.

Virðingarfyllt,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?


Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

www.innovationweek.is

**IceLand
Innovation Week
is happening
now.**

May 16-20th 2022



iceland
innovation
week.

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 Heilsa og lífsgæði í Hveragerði Í þættinum fjallar Elín Hirst um uppbyggingu sem stendur fyrir dyrum á vegum Heilsustofnunar Hveragerðis. Byggður verður nýr og glæsilegur íbúðakjarni með sérstökum þjónustusamningi við Heilsustofnun. Dagskrágerð Pétur Fjeldsted Einarsson.
- 20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Matur og heimili

Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist
- 12.30 Dr. Phil
- 13.10 The Late Late Show
- 13.49 The Block
- 14.45 Survivor
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 A.P. BIO
- 19.40 American Auto
- 20.10 Good Sam
- 21.00 FBI
- 21.50 FBI: Most Wanted
- 22.40 Love Island Australia
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 Strange Angel
- 01.25 The Rookie
- 02.10 Chicago Med
- 02.55 Wolfe
- 03.45 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Ultimate Veg Jamie
- 10.10 Masterchef USA
- 10.50 Call Me Kat
- 11.10 Shark Tank
- 11.55 Home Economics
- 12.15 30 Rock
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 The Great British Bake Off
- 13.55 Tiny Lives
- 14.50 Cherish the Day
- 15.35 The Masked Dancer
- 16.40 Grey's Anatomy
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Hell's Kitchen USA
- 19.50 Last Man Standing
- 20.15 S.W.A.T.
- 20.55 Better Call Saul Sjötta þáttaröð þessara fersku og spennandi þátta um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walter White í þáttaröðinni Breaking Bad.
- 21.40 Last Week Tonight with John Oliver
- 22.15 Fávitar
- 22.30 Gentleman Jack
- 23.30 Next
- 00.10 Supernatural
- 00.50 The O.C.
- 01.35 Ultimate Veg Jamie
- 02.20 Call Me Kat
- 02.40 Shark Tank

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2011-2012
- 14.35 Fyrir alla muni
- 15.05 89 á stöðinni
- 15.25 Lífsins lystisemdir
- 15.55 Team Spark
- 16.35 Heillandi hönnun
- 17.05 Íslendingar
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hönnunarstirnir
- 18.18 Söguspilið
- 18.40 Dansinn okkar
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Skapalón
- 20.25 ME sjúkdómurinn: Örmögnun úti á jaðri
- 21.05 Flekklaus Breskir gamanþættir um Marnie, unga konu frá skoskum smábæ, sem þjáist af þráhyggjukenndum hugsunum um kynlíf.
- 21.40 Hamingjuleit
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Njósnið í Berlín
- 23.10 Fjölskyldubönd
- 00.05 Dagskrárlök

Íslenskt lamb með fersku kryddi frá Túnis

Sjöfn Þórðardóttir er með þáttinn sinn Matur og heimili í kvöld á Hringbraut. Sjöfn kokkar saman hönnun og fjölbreyttan lífsstíl í bland við matargerð og bakstur, hönnun og nánast allt þar á milli. Í þætti kvöldsins koma Safa Jemai og Viktor Joesen í eldhúsið og matreiða íslenskt lamb með fersku kryddi frá Túnis. Elísa Viðarsdóttir, landsliðskona í fótbolta, matreiðir svo góðan fiskrétt. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hópur
- 5 hjá
- 6 nóta
- 8 frægja
- 10 í röð
- 11 ódagot
- 12 spil
- 13 ílát
- 15 fótaferð
- 17 virki

LÓÐRÉTT

- 1 sólár
- 2 samskonar
- 3 vinna
- 4 gjaldmiðill
- 7 í allt
- 9 fyrirhuga
- 12 ló
- 14 á vixl
- 16 utan

LÁRÉTT: 1 heild, 5 við, 6 as, 8 annála, 10 rs, 11 fmm, 12 kort, 13 armur, 15 rismál, 17 skans. LÓÐRÉTT: 1 hvarfár, 2 eins, 3 íðn, 4 dalur, 7 sam-tals, 9 áforma, 12 kusk, 14 mis, 16 án.

Sudoku

	5		3					1
			3	6	1		2	9
7			8					
4		7					6	
3				4				1
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
			4					

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
		3					4	
		6				9	5	
8	7		1		3			
		4		2	9		6	
9		1	5					4
								8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin er fjölbreytt fréttu-umfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmíðlafélks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is





SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG



Þórólfur Örn Einarsson
sendibilstjóri á Höfn í Hornafirði
Bakvörður frá upphafi



Drjótú þúsund þakkir til Bakvarða

Nýlega buðum við 30 þúsundasta Bakvörðinn velkominn í hópinn. Af því tilefni fórum við vitt og breitt um landið til að þakka fyrir stuðninginn. Hver einasti Bakvörður björgunarsveitanna skiptir miklu máli og við erum auðmjúk, þakklát og umfram allt stolt af ykkur öllum.

Við sendum þúsund þakkir til Bakvarða sem standa með okkur í hverjum mánuði. Þið vitið hver þið eruð.

Sjáðu svipmyndir frá ferðalaginu okkar á landsbjorg.is

SÓFADAGAR

12. - 30. maí

20%
afsláttur
af sófum



LICATA u-sófi

Fallegur u-sófi sem hægt er að fá til hægri eða vinstri. Sófinn er í slitgóðu Kentucky koniák bonded leðri. 366 x 226 x 82 cm.
Fullt verð: 369.900 kr.

Nú 295.920 kr.



BOGGIE sófi

3ja sæta sófi í bleiku Toro áklæði. Fæst einnig í fleiri litum. 186 x 77 x 85 cm.
Fullt verð: 119.900 kr.

Nú 95.920 kr.



BARCELONA svefnsófi

Vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt. Svefnflötur. 194x140x13 cm.
Stærð á sófa: 193 x 93 x 100 cm.
Fullt verð: 199.900 kr.

Nú 159.920 kr.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut

h



Prinsinn er mikilvæg áminning um hversu erfitt það er að vera ungur.

MYND/ÁÐSEND

Þegar börn verða foreldrar

LEIKHÚS

Prinsinn

Þjóðleikhúsið og á ferð um landið

Eftir Mariu Reyndal og Kára Viðarsson

Leikstjórn: María Reyndal

Leikarar: Kári Viðarsson, Birna Pétursdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir og Sverrir Þór Sverrisson

Sigríður Jónsdóttir

Málshátturinn segir að heilt þorp þurfi til að ala upp barn. Sem er satt. En sama þorp getur sömuleiðis hrakið barnið á brott. Sérstaklega ef um er að ræða ungling sem fer sínar eigin leiðir. Prinsinn er byggður á reynslu Kára Viðarssonar sem unglings og var nýlega frumsýndur í Frystiklefanum á Rífi. Tjaldað var til einnar sýningar í Kassa Þjóðleikhússins áður en sýningin heldur aftur út á land. Prinsinn mun síðan snúa aftur á mölina með haustinu.

Einn góðan veðurdag rétt upp úr síðustu aldamótum eru vinirnir Kári og Björggi á leiðinni í Spútnik. Kári fær símtal í GSM-símann sinn úr GSM-símanum hennar Tinnu, sem var ekkert grín þegar inneignin var gulls ígildi og símtölin rándýr. Tinna tilkynnir Kára að hún sé ólétt og að hann sé þabbinn en þau áttu eina nótt saman eftir sjómanna-dagsball í sjávarplássinu. En ekki er allt sem sýnist og símtalið er einungis byrjunin á langri þroskasögu.

Kári er nefnilega að verða þabbi og þær fréttir fá hann til að rifja upp reynslu sem hafði mikil áhrif á hann. Allir eru aðalpersónur í sínu eigin lífi og staðsetur Kári sig sem miðpunkt sögunnar. En með sjálfskodu og samræðum við aðra sem að málinu koma reynist sannleikurinn vera flókið fyrirbæri, sérstaklega tuttugu árum eftir atburðinn. Kári gerir vel í hlutverkinu og leggur hjartað á borð fyrir áhorfendur.

Eftirtektarverð leikkona

Kára til halds og trausts er besti vinur hans Björggi leikinn af Sverri Þór Sverrisyni. Hlutverkið leysir

”

Á heildina litið er Prinsinn betri sýning fyrir þær spurningar sem hún ber á borð heldur en endilega innihaldið.

hann vel en frammistaða hans í hlutverki Reynis Bjarka er eftirtektarverð. Áhorfendur eru hvattir til að horfa á Reyni Bjarka sem hrotta, sem hann vissulega virðist vera, en Sverrir Þór kemur til skila undir lok sýningar að allir hafa sinn djöful að draga.

Hver saga getur nefnilega átt sér fleiri en einn miðpunkt og er Tinna hinn póllinn í sögunni. Birna Pétursdóttir flaug fram á sjónarsviðið í Benedikt búálfi á Akureyri og sannar að hér er á ferðinni eftirtektarverð leikkona. Hún fangar listilega örvæntingu unglingsstelpu sem er að troða marvaðann í eigin lífi, full sjálfstrausts um að hún sé fullorðin en algjörlega reynslulaus. Átakanlegt er að horfa á hana berjast fyrir sjálfstæði sínu í heimi fullorðinna sem eru alltaf tilbúnir með sleggju-dóma.

Tinnu til halds og traust er besta vinkona hennar Sandra, leikin af Sólveigu Guðmundsdóttur. Hún hefur verið á mjög finni vegferð á síðastliðnum árum og sýnir hér í hverju gæði hennar felast. Sandra er sakleysið uppmálad en að sama skapi hörð í horn að taka. Það er þó í hlutverki mæðra þeirra Kára og Tinnu sem Sólveig undirstrikar hæfileika sína. Mjög ólíkar konur að upplagi sem Sólveig gerir mjög góð skil, bæði göllum þeirra og kostum.

Mikilvæg áminning

Á síðastliðnum árum hefur leikstjórinn María Reyndal sérhæft sig í sjálfsævisögulegum leikritum, verkum byggðum á raunverulegri reynslu eða hversdagslegum raunveruleika líkt og í Upphafi sem sýnt var í Kassarum fyrir tveimur árum. Hún heldur sýningunni lifandi og persónulegri. Hér er ekki verið að finna upp hjólið og handritið er stundum svolítið þunglamalegt. En María sýnir persónum verksins alúð. Þó hefði mátt sleppa ferðalagi Söndru í gegnum áhorfendasætin.

Prinsinn er farandsýning og hönnunin endurspeglar þörfina fyrir færanlega leikmynd. Guðný Hrund Sigurðardóttir og Egill Ingibergsson hanna leikmyndina skynsamlega. Áhugavert væri að sjá Prinsinn í öðru leikhúsi en Kassanum var skemmtilega umbreytt til að henta sýningunni. Áhorfendur sátu hverjir á móti öðrum og leikið var þvert á sviðið. Margt heppnaðist ágætlega í búninga-hönnun Guðnýjar Hrundar en tímabilsbúningar eru afskaplega flókið verkefni. Þar má helst nefna Adidas-skó strákanna, sölgleraugun og skopparastemninguna. Þó var Nokia-símanna saknað en það gæti bara verið nostalgia.

Úlfur Eldjárn semur og tók væntanlega þátt í að velja tónlistina fyrir Prinsinn. Hljómheimurinn er finasta blanda afslögurum frá tímabilinu og nýjum tónum. Aftur á móti er frumsamda lagið, Prinsinn, óþarfi. Þrátt fyrir ágætan texta Vigdísar Hafliðadóttur og fallega laglínu þá passar lagið illa inn í sýninguna, leiksýningar þurfa ekki titillög.

Á heildina litið er Prinsinn betri sýning fyrir þær spurningar sem hún ber á borð heldur en endilega innihaldið. Heimurinn sem birtist áhorfendum þyrfti að vera skýrari og handritið örlítið sterkara. En Prinsinn er mikilvæg áminning um hversu erfitt það er að vera ungur, hvað sannleikurinn er hverfull og að aldrei skuli afskrifa neinn. ■

NIÐURSTAÐA: Prinsinn er hin finasta farandsýning og vekur upp margar forvitnilegar spurningar.



blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Súper tilboð

Stjúpur á frábæru tilboði

40%

Stjúpur
10 stk. 10210630

1.490 kr
~~2.490 kr~~

Sýpris á svalirnar eða pallinn

Sýpris í
útipottinn
80-100 cm.

1.990 kr
~~2.490 kr~~

20%

20%

Margarita
10211200

1.990 kr
~~2.490 kr~~

26%

Snædrífa
11211012

1.990 kr
~~2.690 kr~~

20%

Sólboði
10210424

1.590 kr
~~1.990 kr~~

28%

Jarðaberjaplanta
Hengipottur 21 cm. 10211246

2.490 kr
~~3.490 kr~~

Sveinbjörg Birna vill koma inn af krafti

toti@frettabladid.is

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, lögmaður og framkvæmdastjóri, tilkynnti framboð sitt til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins á Facebook með þeim orðum að hún ætli að vinna af eljusemi og heiðarleika fyrir sjóðfélaga og hvatti Facebook-vini sína úr þeirra röðum til þess að vera í sambandi.

„Ég tel mig eiga fullt erindi í stjórn lífeyrissjóðsins, ég hef þekkingu á starfsháttum og rekstrarumhverfi lífeyrissjóða,“ segir Sveinbjörg sem gerði á garðinn frægan sem oddviti Framsóknar og flugvallarvina í borgarstjórnarkosningunum 2014.

Kosið er um þrjú stjórnarsæti og Sveinbjörg bendir á að þrír núverandi stjórnarmenn, sem að meðaltali hafi setið í stjórn félagsins í tólf ár, óski allir eftir endurkjöri.

„Það má öllum vera ljóst að hætta er á því að kraftur og árvekni eftirlits þeirrar stjórnar sem setið hefur svo lengi dvínar,“ segir Sveinbjörg sem ætlar sér að taka eftirlitshlutverk stjórnar með til dæmis rekstrarsamningi.

Þá segist hún fagna því að kjörið sé nú rafrænt í fyrsta skipti enda stórt skref í átt að sjóðfélagalýðræði og mikilvægur þáttur í framboði hennar. „Enda gefst nú 60.000 sjóðfélögum nú loks tækifæri til að



Sveinbjörg Birna sér rafrænt sóknarfæri hjá Frjálsa. MYND/ADSEND

kjósa sinn fulltrúa í stjórn með einföldum hætti.“

Hún segir ýmis teikn á lofti í íslensku efnahagslífi, hækkandi vextir og verðbólga og mikil áskorun að gæta réttinda sjóðfélaga í slíku árferði. „Það er áskorun sem ég vil taka og fá umboð sjóðfélaga næstu þrjú árin til að vera rödd þeirra í stjórn sjóðsins.“

Kjörið stendur yfir þessa viku og lýkur á hádegi á sunnudaginn og Sveinbjörg bendir á að með rafrænum skilríkjum ætti ekki að taka nema hálf mínútu að kjósa. ■



Þær Aðalbjörg og Salka bjóða þátttakendum upp á ferðalag á þeirra eigin heimili.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ferðalag fyrir forvitna

Framhald í næsta bréfi er óvenjulegt sviðslistaverk þar sem fólk fær bréf send heim til sín með dularfullri sögu er tengist mannshvarfi í Kaupmannahöfn og grímuballi í seinni heimstyrjöldinni.

tsh@frettabladid.is

Sviðlistakonurnar Aðalbjörg Árnadóttir og Salka Guðmundsdóttir frumflytja nýstárlegt sviðslistaverk á Listahátíð í júní. Verkið ber titilinn Framhald í næsta bréfi og er þátttökuverk sem byggist á bréfasendingum.

Salka: „Við hugsum þetta sem ferðalag á þínu eigin heimili. Leikhúsið kemur heim til þín, leikhúsið inn um lúguna segjum við. Verkið er saga sem spannar eina öld og er byggt mikið til á raunverulegum stöðum og hverfist í kringum sögulegar staðreyndir og viðburði úr Íslands- og mannkynssögunni.“

Verkið byggist annars vegar á hljóðverki, eins konar útvarpsleikriti, sem þátttakendur hlusta á og hins vegar á sjö bréfasendingum sem koma inn um lúguna heima hjá fólk.

Salka: „Í hverju og einu umslagi eru persónuleg bréf og það eru líka ýmiss konar gögn sem leiða þig inn í þessa sögu. Það eru gamlar bladaúrklippur, það eru ljósmyndir, það eru símskeyti, það er ýmislegt sem segir þér þessa sögu. Svo í hvert skipti sem fólk fær umslag þá hlustar það líka á hljóðverk sem fylgir hverjum og einum hluta. Þannig að sagan smám saman opnast fyrir þátttakendum.“

Hægt að njóta hvar sem er
Spurðar hvort verkið taki langan tíma í flutningi segir Aðalbjörg:

„Við gefum okkur fjórtán daga til að afhenda sjö bréf. Stundum koma þau á dags fresti en oft líða tveir dagar á milli. Nema þú eigir heima einhvers staðar lengst á hjara veraldar, þá færðu þau send öll saman í einum pakka og þú stjórnar því þá bara sjálfur, opnar eitt á hverjum degi. Okkur þótti svo mikilvægt að það væri hægt að njóta verksins hvar sem er á landinu og jafnvel deila því með fjölskyldunni. Svo sendirðu bara mömmu með þetta upp í sumarbústað.“

Höfundar verksins eru báðir með bakgrunn í sviðslistum. Aðalbjörg sem leikari og Salka sem leikskáld.



Kveikjan að verkinu var þessi dularfulla ljósmynd sem tekin var á grímuballi starfsmanna Landssmiðjunnar á Sölvhólsstötu árið 1945.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/SIGURHANS VIGNIR



Við höfum báðar mjög gaman af því þegar maður fær að vera snjall lesandi, hlustandi eða áhorfandi.

Aðalbjörg Árnadóttir

hafa verið gamla ljósmynd frá 1945 eftir Sigurhans Vigni sem hún fann á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og er notuð sem kynningarmynd verksins.

Aðalbjörg: „Myndin er tekin á grímuballi hjá starfsmannafélagi Landssmiðjunnar á Sölvhólsstötu við stríðslok. Þetta er alveg sturluð mynd og ég fer að rannsaka hana til að komast að því hvað þetta er. Þá fórum við að skoða þetta starfsmannafélag sem var í Landssmiðjunnunni og verðum heillaðar af því og fórum í kjölfarið að skoða Sölvhólsstötuuna sem sögusvið. Margt í verkinu byggist á alvöru auglýsingum og fréttum og gömlum bréfum sem við fundum en við gefum okkur algjört skáldaleyfi.“

Í kynningartexta Listahátíðar er Framhald í næsta bréfi lýst sem óvenjulegu og skemmtilegu ferðalagi fyrir forvitna. Salka segir að í verkinu sé ákveðin ráðgáta sem glöggir þátttakendur geti áttað sig á þó svo að þeir taki ekki beinan þátt í framvindu verksins.

Salka: „Þú kemst að því strax í fyrsta bréfi að það er maður sem hefur horfið á 8. áratugnum, Íslendingur í Kaupmannahöfn. Það eru nokkur lög af frásögninni sem tengjast smám saman og efnið hjálpar þér að tengja þau saman. En það er vissulega ákveðið ráðgátuelement í því.“

Aðalbjörg: „Við höfum báðar mjög gaman af því þegar maður fær að vera snjall lesandi, hlustandi eða áhorfandi.“ ■

80's í fókus

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is

Verzlun og vefverzlun Laugavegi 69 S. 551-7955

<p>Í KVÖLD</p>	
<p>FRÉTTAVAKTIN</p> <p>Kl. 18.30 og kl. 20.30</p>	<p>MATUR OG HEIMILI</p> <p>Kl. 19.00 og kl. 21.00</p>
<p>ÚTKALL</p> <p>Kl. 19.30 og kl. 21.30</p>	<p>433</p> <p>Kl. 20.00 og kl. 22.00</p>



ALVEG EINSTAKUR OPAL!

Þessi Opal er með ávaxtabragði, kemur út í takmörkuðu upplagi og rennur hluti af ágóðanum til styrktar Einstökum börnum.

Við höfum tekið höndum saman við listamanninn Odee, en listaverk hans Purpuri prýðir þessa sérútgáfu af Opal. Odee hefur vakið verðskuldaða athygli hér heima og erlendis fyrir samrunalist sína, þar sem hann vinnur með þekkt minni úr poppmenningu til að skapa einstök listaverk.

FÁÐU ÞÉR EINSTAKAN OPAL OG STYRKTU GOTT MÁLEFNI Í LEIÐINI!



**TAKMARKAÐ
MAGN**

SUMAR Í HÚSGAGNAHÖLLINNI



STOCKHOLM

Útiarmstóll, dökkgrár eða natur. 86 x 88 x 80 cm. 65.990 kr.



STOCKHOLM

3ja sæta útisófi. 212 x 88 x 80 cm. 174.990 kr.



STOCKHOLM

Sólbekkur. Dökkgrár eða natur. 195 x 60 x 44 cm. 89.990 kr.

ASHFIELD

Stillanlegur útihægindastóll. 74 x 74 x 102 cm. 96.990 kr.



MEDUSA BLUE DANCERS

Krús. 990 kr. Diskur Ø20 cm. 1.290 kr. Ø25 cm. 1.490 kr.
Kanna með haldi. 990 kr. Skál 14,5 cm. 1.490 kr.
Salatakál. Ø25 cm. 3.490 kr.



Didda tók slaginn með stæl og engum látum og stendur uppi sem síðasti móhíkani Miðflokksins í sveitarstjórn-um.

MYND/ÁSEND

Slakur Miðflokksmóhíkani

Hallfríður Hólmgrímsdóttir segist vera sultuslök þótt hún sé orðin síðasti Miðflokksmóhíkani eftir að hafa bjargað því sem bjargað varð hjá flokknum með glæstum sigri í Grindavík. Hún útilokar heldur ekki að á kjörtímabilinu eigi flokknum eftir að berast ferskir vindar í seglin frá síðasta sveitarstjórnarviginu.

toti@frettabladid.is

„Þetta er rosalega sérstakt. Það er óhætt að segja það,“ segir Hallfríður Hólmgrímsdóttir, oddviti Miðflokksins í Grindavík, sem orðin er síðasta vígi flokksins í sveitarstjórn eftir að hann fékk 32,45% atkvæða þannig að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks féll.

„Ætli það séu ekki þessir sterku leiðtogahæfileikar,“ heldur hún áfram og hlær þegar hún er innt eftir skýringum á þessum árangri hennar hjá flokknum sem var við það að þurrkast út á landsvísu í kosningum á laugardaginn.

Hallfríður, sem alltaf er kölluð Didda, segist sultuslök og hún upplifir sig ekkert sérstaka þegar hún er spurð hvernig tilfinning það sé að vera orðin síðasti Miðflokksmóhíkani.

Sigmundur ánægður

„Nei, nei. Málið er að við höfum bara staðið okkur ótrúlega vel á síðasta kjörtímabili og vorum bara að uppskera eins og við sáðum til. Ég var náttúrulega eini bæjarfulltrúinn og kannski hef ég bara náð að stimpla mig svona vel inn,“ segir Didda sem

er ekki ein lengur þar sem kosningasigurinn skilaði henni og tveimur fulltrúum til í bæjarstjórn.

Didda hafa að sjálfsögðu borist hamingjuóskir frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Miðflokksins. „Já, já, já, heldur betur. Hann er ægilega ánægður með mig. Væntanlega,“ segir Didda og hlær dátt.

Aðspurð bætir hún svo við að vel geti verið að Grindavík og hið eldheita lið hans þar geti orðið flokknum leiðarljós í nánustu framtíð. „Það er ótrúleg ástríða í liðinu hérna í Grindavík, skal ég segja þér, og kannski næ ég að kenna þeim eitthvað. Það er aldrei að vita,“ segir Didda hlæjandi.

Síðasti móhíkani

„Við fórum bara afstað 2018. Náðum manni inn og svo höfum við bara unnið vel á þessu kjörtímabili. Ég er ekki ein. Við erum fjórtán manna hópur sem er sko gríðarsterkur,“ segir Didda og bætir aðspurð við að ekkert slái á kraftinn í henni þótt segja megi að hún sé síðasti Miðflokksmóhíkani.

„Nei, nei. Nema síður sé. Við erum auðvitað bara að starfa fyrir samfélagið okkar og höfum áhuga á málafnum hér,“ segir hún og nefnir sérstaklega málefni eldri borgara sem eru og hafa verið henni hugleikin.

„Þau voru til dæmis ástæðan fyrir því að ég ákvað að slá til. Það var mikið búið að vera að reyna að ná mér inn í pólitík undanfarin kjörtímabil en ég var ekki til í að stökkva á vagninn fyrr en þarna 2018.“

Þetta er bara það sem ég brenn fyrir og ég fór í pólitík til þess að



Málið er að við höfum bara staðið okkur ótrúlega vel á síðasta kjörtímabili og vorum bara að uppskera eins og við sáðum til.

laga ákveðin málefni varðandi eldri borgarana. Svo sagði ég alltaf að ég ætlaði bara að vera eitt kjörtímabil en svo varð ég að náttúrulega að taka annað vegna þess að ég var ekki alveg búin að klára þetta. Það er spurning hvort ég verði þarna enn þá eftir sex kjörtímabil að reyna að klára,“ segir Didda og hlær.

Ævintýralegt kjörtímabil

„Sveitarfélagið er sterkt þannig að nú þarf bara aðeins að bæta í og við viljum sjá þetta aðeins vaxa og dafna. Við erum með ákveðnar áherslur og fólki bara leist vel á þetta og trúir því og treystir að ég sé manneskjan til að leiða þessa vinnu.“

Didda segir að sér hafi orðið vel ágentt hingað til og kjörtímabilið og síðasta ár hafi verið ævintýri líkast. „Það var finasta samstarf á síðasta ári og við náðum bara ótrúlega mörgum stefnumálum okkar í gegn. Þótt ég væri ein í minnihluta. Það segir bara allt sem segja þarf að maður nær sínu fram. Ekkert með einhverjum látum. Það voru alls engin læti sko en ég næ kannski svolítið að lokka þau í lið með mér. Þetta fólk í kringum mig.“ ■

Hélt ökuskirteininu á kjörstað

toti@frettabladid.is

„Ég veit ekki hvort er meira miðaldra, að kjósa fyrir hádegi eða að missa ökuskirteinið niður í kjörkassann með kjörseðlinum. Aftur,“ skrifaði Þórarinn Stefánsson efnaræðingur á Twitter á kjördag.

Yfirlýsingin þótti að vonum fréttæm enda þarna efniviður í bráðskemmtilega kosningafrétt ef frásögn Þórarins af því hvernig hann glopradi ökuskirteininu ofan í kjörkassann hefði ekki verið stórlega ýkt.

„Já, já, þetta var plat og það átti nú að vera vísbending að einhverjum hefði tekist að gera þetta tvisvar,“ segir Þórarinn í samtali við Fréttablaðið en lætur þess getið að vissulega hafi hurð skollíð nærri hælum.

„Þetta var tilraun til fyndni. Ég



Thorarinn Stefánsson
@thorarinn

Ég veit ekki hvort er meira miðaldra, að kjósa fyrir hádegi eða að missa ökuskirteinið niður í kjörkassann með kjörseðlinum. Aftur.

Translate Tweet

10:48 AM · May 14, 2022 · Twitter for Android

...

Þórarinn ýkti óheppni sína á kjörstað talsvert á Twitter.

stóð með seðilinn og ökuskirteinið í hendinni þegar ég áttaði mig á að ég yrði að passa mig á að setja þetta ekki saman niður. Það hefði ekki verið gaman fyrir mig en sagan er náttúrulega góð og ég fór að hugsa með mér hvað það yrði vandræðalegt og ákvað að búa til brandara úr því.“

Þórarinn bætir við að slík atburðarás sé ekki endilega alveg úr lausu lofti gripin og segist hafa fengið athugasemdir frá í það minnsta tveimur sem hafi verið nærri því

að svipta sig ökuskirteininu með þessum hætti á kjörstað.

Allir sluppu þessir kjósendur þó með skrekkin að þessu sinni og enda þótt Þórarinn hafi ýkt óheppni sína á kjörstað hressilega á Twitter má ætla að um ágætishugvekju hafi verið að ræða enda líklegt að fara þyrfti í gegnum flókið ferli til þess að endurheimta persónuskilríki úr kjörkassa. Ekki sist ef slíkt óhapp yrði í Norðvesturkjördæmi og allt eins líklegt að skirteinið myndi hverfa fyrir fullt og allt. ■



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



TÆKIFÆRI TIL AÐ

PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA

STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Bakþankar



Kristbjargar
Þórisdóttir

Kom, sá og sigraði

Nýliðnar kosningar eru um margt áhugaverðar. Framsókn vann stórsigur um allt land en Sjálfstæðisflokkur tapaði. Hægt er að draga þá ályktun að heiðarleiki og samvinnuhugsjónin séu þau gildi sem öllu straumhvörfum. Stórsigur Framsóknar í Mosfellsbæ ber þessum áherslum glögg vitni. Niðurstaðan þar varð 32,2% fylgi og fjölgun bæjarfulltrúa úr engum í fjóra.

Hvað olli þessum sigurskjálfta? Listinn var leiddur af Höllu Karen Kristjánsdóttur sem hefur í áratugi sinnt sínum störfum af leikgleði, heiðarleika og trausti. Hún er konan sem framkvæmir hlutina og hlúir að öllu og öllum í sínu nærumhverfi. Með sér hafði hún „verkfærasett“ af hæfu fólki sem vinnur af gleði, reynslu og heiðarleika. Eftir hrun síðustu ára hefur verið eftirspurn eftir einmitt þessu. Traustu fólki sem stígur fram og er tilbúið til að þjóna samfélaginu. Fólki sem er tilbúið til að vinna í samvinnu, trausti og heiðarleika að umbótum og ekki bara rétt fyrir kosningar heldur alla leið!

Fagurgali rétt fyrir kosningar og endalausir lofordalistar um rósrauða heimsmynd þar sem allir fá sitt en aldrei verður uppfyllt eru ekki í tísku lengur. Orð um ábyrga fjármálastjórnun en á sama tíma afhending sameiginlegs auðs í hendur fárra er ekki í tísku og verður aldrei. Við viljum fólki sem hugsar um alla heildina. Fólki sem tryggir velsæld þeirra sem á þurfa að halda en á sama tíma hvetur til framfara og einstaklingsframtaks. Fólki sem vinnur í heiðarleika, trausti og gleði. Við viljum fólki eins og Höllu Karen inn í stjórnmalin og þá farnast okkur sem samfélagi vel. ■

STILLANLEG HJÓNARÚM MEÐ BODYPRINT DÝNU



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF
 VÖNDUÐUM
 HEILSURÚMUM



EITT MESTA
 ÚRVAL AF
 HEILSUDÝNUM
 Á LANDINU



VANDADAR
 SÆNGUR OG
 KODDAR Í
 ÚRVALI



PANDORA
 STILLANLEGUR
 HÆGINDASTÓLL



**FRÍTT
 KAFFI**
 MEÐ ORKULYKLI




Svefn & heilsa
 ★★★★★

WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
 REYKJAVÍK
 S: 581 2233



BALDURSNESI 6,
 AKUREYRI
 S: 461 1150



OPID:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 -18:00
 LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
 BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR